ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 9. september 1998 • 36. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Ísafjarðardjúp

Eldur í eyðibýlinu að Eyri

Um klukkan hálf tólf á sunnudagskvöld fékk lögreglan á Ísafirði tilkynningu um að eldur væri laus í eyðibýlinu að Eyri í Skötufirði.

Um er að ræða timburhús sem byggt var í kringum 1938 og hefur það verið notað sem sumarhús. Ekkert rafmagn er í húsinu og á þessu stigi málsins eru mestar líkur taldar á að eldur hafi verið lagður að húsinu.

Lögreglan á Ísafirði óskar eftir vísbendingum eða vitnum að grunsamlegum mannaferðum við eyðibýlið í Skötufirði frá hádegi á sunnudag.

Héraðsdómur Vestfjarða

Ekki búið að skipa dómara

Dómsmálaráðherra hefur enn ekki skipað í stöðu héraðsdómara með fast aðsetur á Ísafirði. Samkvæmt nýjum dómstólalögum voru umsóknir um stöðuna umsvifalaust sendar til sérstakrar umsagnarnefndar um hæfni dómara, en umsögn hennar þarf að liggja fyrir áður en ráðherra skipar í stöðuna. Niðurstaða nefndarinnar hefur enn ekki borist ráðuneytinu.

Jónas Jóhannsson fráfarandi héraðsdómari á Ísafirði átti upphaflega að láta af starfi 1. sept. sl. en hann var settur í einn mánuð til viðbótar vegna þess að ekki var búið að ganga frá skipun eftirmanns hans. Að sögn fulltrúa í dómsmálaráðuneyti er þess að vænta að málið verði afgreitt í tæka tíð svo að nýr héraðsdómari geti tekið við starfi um næstu mánaðamót.

Tveir sóttu um stöðuna eins og komið hefur fram hér í blaðinu, þeir Erlingur Sigtryggsson, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, og Már Pétursson, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness og fyrrverandi héraðsdómari.

Húsgagnasmiður og altmúligmand

- sjá viðtal við Magnús Ólafs Hansson í miðopnu

Bæjarins besta

Elstkast 14. nóvember 1994

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Ný fiskverkun tekur til starfa í Bolungarvík

„Hráefnið tryggara en fyrir s

- segir Arnar Smári Ragnarsson framkvæmdastjóri Fiskverkunarinnar Víkur

Fiskverkunin Vík tók til starfa að Grundarstíg 6 í Bolungarvík fyrir skömmu, þar sem áður var til húsa hellusteypa Sigurjóns Sveinbjörnssonar og sona hans. Hér er raunar um fjölskyldufyrirtæki að ræða, því að eigendur þess að hálfu eru hjónin Arnar Smári Ragnarsson og Daðey Einarsdóttir, en að hálfu hjónin Einar Guðmundsson og Ásdís Hrólfsdóttir, foreldrar Daðeyjar, og Guðmundur Einarsson, sonur þeirra.

Arnar Smári er Bolvíkingur að uppruna, en „fór í útlegð“ eins og hann orðar það, í hálfan annan áratug, fyrst til Grundarfjarðar og síðan til Akraness en fluttist aftur heim í vor. Á Akranesi rak hann Fiskverkun Arnars en flutti fyrirtækið með sér vestur og þá hlaut það jafnframt nýtt nafn. Hráefnið er mun tryggara í Bolungarvík en fyrir sunnan, að sögn Arnars Smára.

Í Fiskverkuninni Vík er blönduð vinnsla, bæði frysting og saltfiskverkun. Fyrir mánaðamótin var fyrirtækið með í viðskiptum þrjá báta í dagakerfinu, en nú eftir að nýtt kvótaár byrjaði landar Guðmundur Einarsson ÍS þorskinum þar og stundum ýsunni líka. Væntanlega bætast tveir bátar við í viðskipti innan skamms. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annast söluna á freðfiskinum en dótturfyrirtæki SH, Sæmark, selur saltfiskinn.

Húsnæði Fiskverkunarinnar Víkur er liðlega 200 fermetrar og þar starfa fimm til sex manns, „en við höfum átt erfitt með að fá fólk og höfum hug á því að bæta við mannskap ef hann fæst“, sagði Arnar Smári í samtali við blaðið.

Lengi býr að fyrstu gerð

Leiðari

Skólabjöllurnar eru teknar að klingja eftir sumarhvíldina. Kraftmikill hljómurinn kallar á þúsundir nemenda til skólanna, allt frá börnum, sem eru að stíga fyrstu skrefin, til ungs fólks, sem sér hilla undir áfanga á námsbrautinni, og þeirra sem ennþá eldri eru og sjá endamarkið á löngum ferli framundan, að loknum þeim vetri er senn gengur í garð.

Góðu sumri er að ljúka. Haustið á næstu grösum. Börnin, sem fyrir nokkrum dögum stigu inn fyrir dyr skólans síns í fylgd foreldra sinna, standa nú í fyrsta skipti frammi fyrir því að vetrinum er ekki lengur hægt að eyða við áhyggjulausa leiki líkt og áður. Við upphaf skólagöngunnar taka þau nú fyrstu skrefin á þeirri löngu leið, sem bíður þeirra frá barnaskapnum inn í veröld hinna fullorðnu.

Lengi býr að fyrstu gerð. Með hverju árinu sem líður verður æ mikilvægara að vel sé búið að börnunum strax við upphaf skólagöngu. Heimurinn, sem bíður þeirra á unglings- og síðar fullorðinsárum verður stöðugt flóknari og miskunnarlausari. Komi einstaklingurinn vanbúinn til þess leiks er þar bíður hans er hætt við að illa fari. Þótt menntun leysi síður en svo allan vanda er hún þrátt fyrir allt sá hornsteinn, sem framtíð hvers og eins einstaklings veltur á.

Keikoharmleikurinn

Keikoæðið nær hámarki á morgun þegar skepnan kemur til landsins og henni verður komið fyrir í Klettsvíkinni við innsiglinguna í höfnina í Vestmannaeyjum.

Glorían í kringum háhyrninginn á sér enga hliðstæðu. Mennirnir, sem í tvo áratugi hafa haldið hvalnum í fangelsi til þess eins að græða á honum mikla peninga, spila nú á tilfinningar fólks, einkum barna, um dýravernd þegar þeir nú vilja losna við skepnuna áður en hún drepst.

Keikovitleysan á ekkert skylt við dýraverndun. Málið snýst um peninga og ekkert annað. Það alvarlegasta í þessu máli er þó að það skuli koma í ljós, að stór hluti mannkyns skuli láta sig meira skipta afdrif eins hvals en meðbræðra sinna. Milljónirnar sem fara í Keikoruglið væru betur komnar í öðrum og þarfari verkefnum.

Allur áróður aðstandenda Keikos, um að bjarga dýrinu frá þeim sjálfum, segir í rauninni allt sem segja þarf um harmleikinn í kringum háhyrninginn Keiko.

s.h.

Á Ísafirði í fyrsta sinn á Íslandi

Bókasöfnin og fleiri söfn á Vefnum

Á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði hefur verið tekin í notkun tölvuskráning í tengslum við Netið, þannig að nú getur hver sem er flett upp í skrám safnsins á Vefnum og séð hvaða bækur eru til. Búnaður þessi er frá norska fyrirtækinu Mikromarc og er þetta í fyrsta sinn sem slíkur vef-aðgangur að almenningsbókasafni er settur upp hér á landi. Miklu fljótlegra og auðveldara er fyrir fólk að leita að bókum á þennan hátt en með gömlu aðferðinni, að sögn Jóhanns Hinrikssonar, bókavarðar á Ísafirði, sem beitti sér fyrir þessari nýjung. Síðan er hægt að panta bækur í netpósti eða á annan hátt. Þessa dagana er verið að vinna að lokafrágangi kerfisins, þannig að það vinni að öllu leyti á íslensku.

Í umræddri skrá á Vefnum eru meðal annars allar bækur í útlánadeild bókasafnsins á Ísafirði, einnig allt bókasafn Grunnskólans á Ísafirði og allur bókakostur Skólaskrifstofu Vestfjarða, en það kemur sér afar vel fyrir skólana í fjórðungnum. Líka eru þarna inni flest söfn gömlu lestrarfélaganna í Ísafjarðarsýslum, svo sem á Snæfjallaströnd, í Reykjanesi, í Súðavík, á Suðureyri, á Flateyri og í Holti.

Hér er verið að ganga frá uppsetningu nýja tölvukerfisins á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði. Frá vinstri: Björn Davíðsson kerfisstjóri hjá Snerpu á Ísafirði, Andrea Jóhannsdóttir, umboðsmaður norska fyrirtækisins Mikromarc, Jens Christian Strandås frá Mikromarc og Jóhann Hinriksson, bókavörður á Ísafirði.

Sama skráningarkerfi hefur verið tekið upp í bókasafninu í Bolungarvík og aðeins er spurning um ákvörðun og svolitla peninga að bækurnar þar komist einnig á Vefinn. Hins vegar er bókasafn Framhaldsskóla Vestfjarða ekki þarna með, enn sem komið er að minnsta kosti.

Um 60.000 bindi munu vera skráð með þessum hætti í tölvu Bæjar- og héraðsbókasafnsins og þar mun vera hægt að finna því sem næst allar bækur sem hafa komið út á Íslandi síðastliðin tíu ár og margar miklu lengra aftur í tímann.

Og ekki eru aðeins bækur í skránni, heldur einnig myndbönd, hljómplötur og tölvuforrit. Síðan er ætlunin er að skrá þar allt héraðsskjalasafnið, svo og einkaskjalasöfn, sem Jóna Símonía Bjarnadóttir skjalavörður er tekin til við að skrá. Loks er ráðgert að verk í eigu Listasafns Ísafjarðar komi þar inn með tímanum, svo og ljósmyndasafn.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Ólafur Þ. Þórðarson látinn

Ólafur Þ. Þórðarson frá Stað í Súgandafirði, fyrrverandi alþingismaður Vestfirðinga, andaðist sl. sunnudagskvöld, 57 ára að aldri.

Ólafur lauk búfræðiprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands og var um árabil skólastjóri á Suðureyri og síðan við Héraðsskólann í Reykholti. Hann átti sæti á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn í hálfan annan áratug, eða þar til hann lét af þingsetu vegna hjartabilunar árið 1994. Hann tók einnig sæti sem varamaður á þingi fyrir og eftir þann tíma. Ólafur gegndi fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélag sitt, kjördæmi og land. Hann lætur eftir sig eiginkonu, fjögur börn og einn fósturson.

Slunkaríki á Ísafirði

Húbert Nói sýnir

Síðastliðinn laugardag opnaði myndlistarmaðurinn Húbert Nói sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Á sýningunni eru níu landslagsmálverk, unnin á árunum 1996 og 1997 og eru þau öll unnin með olíu á striga. Húbert Nói lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987 og hefur síðan sýnt verk sín í öllum helstu sýningarsölum landsins. Sýningin stendur til 27. september.

Ísafjarðarradíó

Varað við breytingum

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur sent frá sér ályktun þar sem varað er við þeirri hugmynd að leggja niður vaktir á Ísafjarðarradíó og taka alfarið upp farþjónustu frá annarri strandstöð. Stjórn samtakanna telur að verði hugmyndin að veruleika megi búast við að öryggi sjómanna versni á því svæði sem radíóið hefur hingað til þjónað. Því er beint til stjórnvalda að öryggi verði haft í fyrirrúmi.

Golfklúbbur Ísafjarðar

Julius Brand mótið

Sunnudaginn kemur verður Julius Brand mótið í golfi haldið á golfvelli Ísfirðinga í Tungudal. Mótið er eitt af stærstu mótum sumarsins á vegum Golfklúbbs Ísafjarðar og má því búast við góðri þátttöku félagsmanna sem og annarra golfiðkenda. Síðasta mót ársins hjá golfklúbbnum fer síðan fram laugardaginn 26. september, en það er hin árlega Bændaglíma sem hefur verið vel sótt af golfurum.

Starfsfólk Fiskvinnslunnar Víkur í Bolungarvík að störfum á mánudag. Á innfelldu myndinni er Arnar Smári Ragnarsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Vetrarstarf Tónlistarskóla Ísafjarðar að hefjast

Innritun lýkur á morgun

Vetrarstarf Tónlistarskóla Ísafjarðar er í þann mund að hefjast eins og starf annarra skóla. Innritun í skólann lýkur á morgun, fimmtudag, og skólasetning fer fram í sal Grunnskóla Ísafjarðar á sunnudag kl. 13:00.

Í vetur verður eins og síðastliðin ár kennt á flest algengustu hljóðfæri auk þess sem söngkennsla fer fram við skólann. Þá starfa tveir kórar við skólann, barnakór og unglingakór, auk þess sem hljómsveitarstarf er afar öflugt og margbreytilegt.

Í vetur munu fimmtán kennarar starfa við skólann, sem allir kenndu við skólann í fyrra, enda hefur mikill stöðugleiki ríkt í kennaraliði skólans á síðustu árum.

Hins vegar er algjör bylting framundan í starfsaðstöðu kennara og nemenda. Fyrir rúmu ári var ákveðið að skólinn fengi framtíðarhúsnæði í Húsmæðraskólanum við Austurveg og hefur verið unnið að miklum endurbótum á húsinu í allt sumar. Efri hæðirnar tvær hafa verið algerlega endurnýjaðar og þá með sérstöku tilliti til þeirrar starfsemi sem fram fer í húsinu og eru kennsluherbergin nú búin fullkominni hljóðeinangrun og hljómgæði hafa verið bætt með margvíslegum tilfæringum.

Þá hefur kennslustofum verið fjölgað auk þess sem miklar breytingar verða á allri vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi starfsliðs skólans. Í haust verður síðan hafist handa við að byggja tónleika- og æfingasal við húsið. Þann 10. október fagnar Tónlistarskóli Ísafjarðar 50 ára afmæli sínu og er vissulega fagnaðarefni að hann skuli á þeim tímamótum hafa eignast eigið húsnæði, sem verður með því besta og fullkomnasta sem gerist í íslenskum tónlistarskóla.

Iðnaðarmenn hafa unnið hörðum höndum í sumar við breytingar á húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Halló krakkar!
Afmælisboð
Georgs

Georg, sparibaukur Íslandsbanka, býður öllum krökkum í 5 ára afmælisveislu í Íslandsbanka föstudaginn 11. september kl. 14:00.

ÍSLANDSBANKI
Ísafirði

ÍSAFJARÐARBÆR

FUNDUR BÆJARSTJÓRNAR

Fyrsti fundur bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að loknu sumarleyfi verður haldinn fimmtudaginn 10. september nk. kl. 17:00 í **Félagsheimilinu á Þingeyri.**

TIL KYNNINGAR. NEFNDIR ÍSAFJARÐARBÆJAR OG SKIPAN AÐALMANNA

Bæjarráð 3 aðalmenn og 3 til vara:
Aðalmenn: Guðni Geir Jóhannesson formaður (B), Ragnheiður Hákonardóttir varaformaður (D), Bryndís G. Friðgeirsdóttir (K).

Fræðslunefnd 5 aðalmenn og 5 til vara:
Aðalmenn: Elías Oddsson formaður (B), Magnea Guðmundsdóttir varaformaður (D), Birna Lárusdóttir (D), Lárus G. Valdimarsson (K), Tryggvi Sigtryggsson (K).

Menningarmálanefnd 5 aðalmenn og 5 til vara:
Aðalmenn: Inga Ólafsdóttir formaður (B), Kristján Haraldsson varaformaður (D), Geirþrúður Charlesdóttir (D), Hansína Einarsdóttir (K), Jóna Benediktsdóttir (K).

Félagsmálanefnd 5 aðalmenn og 5 til vara:
Aðalmenn: Hildur Halldórsdóttir formaður (D), Laufey Jónsdóttir (D), Guðrún Hólmsteinsdóttir varaformaður (B), Guðjón Brjánsson (K), Jóhanna Eyfjörð (K)

Húsnæðisnefnd 3 aðalmenn og 3 til vara:
Aðalmenn: Guðni Geir Jóhannesson formaður (B), Ragnheiður Hákonardóttir varaformaður (D), Bryndís G. Friðgeirsdóttir (K).

Umhverfisnefnd 5 aðalmenn og 5 til vara:
Aðalmenn: Kristján Kristjánsson formaður (D), Sigurður Þórisson varaformaður (D), Kristinn Jón Jónsson (B), Sæmundur K. Þorvaldsson (K), Sigríður Bragadóttir (K).

Landbúnaðarnefnd 3 aðalmenn og 3 til vara:
Aðalmenn: Guðmundur Hagalínsson formaður (D), Guðmundur Steinþórsson varaformaður (B), Björn Birkisson (K).

Hafnarstjórn 5 aðalmenn og 5 til vara:
Aðalmenn: Ragnheiður Hákonardóttir formaður (D), Óðinn Gestsson varaformaður (D), Sigurður Hafberg (B), Jóhann Bjarnason (K), Elísabet Gunnlaugsdóttir (K).

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

Auglýsingar og áskrift
sími 456 4560

Systurnar Hólmfríður Sigurðardóttir pianóleikari og Rannveig Sif Sigurðardóttir sópran.

Ísafjörður - Bolungarvík

Systur á söngferðalagi

Í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20:30 halda systurnar Rannveig Sif Sigurðardóttir, sópran og Hólmfríður Sigurðardóttir pianóleikari tónleika í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík. Þær systur endurtaka tónleikana annað kvöld kl. 20:30 í sal Grunnskóla Ísafjarðar og þá á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar.

Rannveig Sif og Hólmfríður eru báðar fæddar á Ísafirði og hófu báðar tónlistarferil sinn við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Rannveig Sif býr nú í Hollandi og syngur þar og víðar í Evrópu með litlum sönghópum og barokkhljómsveitum, en hún hefur lagt sérstaka stund á tónlist þess tíma.

Hólmfríður hefur víða komið fram sem einleikari og meðleikari, en á undanförnum árum hefur hún aðallega leikið með söngvurum og starfar við Söngskólann í Reykjavík. Hún hefur margoft leikið á tónleikum hér vestra og þær systur hafa áður haldið tónleika saman, bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Á efnisskránni eru sönglög eftir ýmis erlend tónskáld, s.s. Purcell, Fauré og de Falla, en einnig verk eftir ísfirsku tónskáldin Hjálmar Ragnarsson, Jónas Tómasson og Ragnar H. Ragnar. Tónleikarnir eru sérstaklega tileinkaðir minningu Ragnars, en þann 28. september nk., verða liðin 100 ár frá fæðingu hans. Aðgangseyrir að tónleikunum er kr. 1.000, en ókeypis er fyrir skólafólk.

Sumarið notað til þjálfunar fyrir veturinn

Skíðaæfingar á hjólaskautum

Skíðafólk getur æft sig með ýmsum hætti þó að sumar sé og enginn snjór. Skíðagöngumenn hafa m.a. farið langar og miklar gönguferðir um Hornstrandir, eins og fram kom hér í blaðinu í síðustu viku, en ísfirskir svigkappar æfa sig á línuskautum á planinu við Básafell (húsið þar sem Ritur var áður).

Að sögn Hafsteins Sigurðssonar skíðaþjálfara er hann með um tíu manna hóp í skíðaþjálfum á línuskautum og er verið að þjálfa ýmis tækniatriði, jafnvægi og samhæfingu. „Við leggjum brautir og fáum út úr þessu mjög líkar hreyfingar og á skíðunum“, segir Hafsteinn. Við Básafell er eitt af fáum malbikuðum svæðum í bænum, en víðast hvar er grófari klæðning, sem hentar ekki eins vel fyrir æfingar af þessu tagi.

María Ögn Guðmundsdóttir skíðakona æfir sig á línuskautum fyrir komandi keppnistímabil.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
Símar: 456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innb. bílskúr. Áhv. ca. 845 þús. Verð kr. 13,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Laust strax. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax. Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Heiðarbraut 12: 221 m² einbýlishús á tveimur hæðum, **hægt að gera að tveimur sjálfstæðum íbúðum. Verð kr. 10,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast.**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-**
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 2,2 millj. Möguleiki á að lán fylgi upp á 7,1 millj. Verð kr. 11,000,000,-**
Silfurgata 9: 150 m² einb.hús á 2 hæðum + geymsla, kjallari, skúr og góður garður. **Áhv. ca. 2,6. Mögul. á sölu m/yfirtöku fl. lána. Verð kr. 6,900,000,-**
Skipagata 11: 78,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. **Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 4,500,000,-**
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á eign á Eyrinni. **Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 9,900,000,-**
Sunnuholt 6: 231,7 m² rúmgott einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign mögul. **Í kjallara er 60 fm einstakl.íbúð. Verð kr. 13,500,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). Laust fljótl. **Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Ekkert áhvílandi. Verð kr. 11,800,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2 m² 4-5 herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. **Verð kr. 8,500,000,-**
Fjarðarstræti 4: 120 m² 4 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. **Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð kr. 6,500,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Hafnarstræti 6: 158 m² 6 herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli. **Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 7,500,000,-**
Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,9 millj. Verð kr. 5,500,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Stórholt 9: 164,30 m² 6 herb. íbúð á 1. h.t.v. ásamt **kjallara m/sér inngangi. Hægt er að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 8,000,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð.**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið allt uppgert. **Mögul.sk. á minni eign. Áhv. ca. 3,6 millj. Verð kr. 6,900,000,-**

Urðarvegur 27:
190,5 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 13,500,000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj. Verð kr. 7,200,000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 3,000,000,-**
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **aukaherbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,700,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. **Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 13: 86,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og **bílskúr. Verð kr. 6,200,000,-**
Stórholt 13: 79,2m² íbúð á 3 hæð t.h. í fjölbýlishúsi. **Verð kr. 6.000.000.-**
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj. Góð kjör í boði. Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð kr. 3,800,000,-**
Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð.**
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í **góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 4,900,000,-**

Bolungarvík

Heiðarbrún 4: 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Tilboð óskast.**
Vitastígur 9: 150 m² séríbúð, gerð úr tveimur íbúðum á efri og neðri hæð í 4ra íbúða húsi. Sérinng. og falleg sérlóð. **Verð kr. 6,700,000,-**
Búðarkantur 2: 205 m² lager/atv.húsnæði á góðum stað við höfnina. Húsið er byggt úr stálgrind, járnklætt og einangrað. **Verð kr. 10,000,000,-**
Hafnargata 7: 70 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt helmingi kjallara. **Tilboð óskast.**

Lista- og menningarvika í undirbúningi í Ísafjarðarbæ

Veturnætur í lok október

Hafinn er undirbúningur að lista- og menningarvikunni „Veturnætur“ sem haldin verður í Ísafjarðarbæ í lok október. Þetta er í annað sinn sem Veturnætur eru haldnar. Í fyrra voru tíu dagar uppfullir af menningar- og skemmtiefni. Að hátíðinni standa ýmis félög, kórar og einstaklingar á Ísafirði og í nágrenni, sem áhuga hafa á fjölbreyttari dægradvöl á svæðinu. Hátíðin stendur dagana 23.-30. okt. nk.

Dagskrá hátíðarinnar er enn í mótun og eru öll innlegg í dagskrána vel þegin. Gert er ráð fyrir að myndlistarsýningar verði settar upp í vikunni, tónleikar haldnir, ýmis námskeið og jafnvel listasmiðja. Stefnt er að því að endanleg dagskrá verði tilbúin um 5. október. Þeir sem áhuga hafa á því að taka þátt í undirbúningi hafi samband við Finn Magnússon í síma 456 3032 eða hs. 456 3236.

Þessi hátíð er nú árlegur viðburður á þessum tíma, í kringum fyrsta vetrardag. Hátíðin er tilvalið tækifæri fyrir mannskapinn að lyfta sér upp og fagna vetri.

Zeljka Popovica.

Þakkir fyrir hjálpsemi

Zeljka Popovica kom að máli við blaðið og bað fyrir kærar þakkir til Ísfirðinga og Íslendinga yfirleitt fyrir alla þá hjálpsemi og hlýju sem henni og fjölskyldu hennar hefur verið sýnd eftir að íbúðin þeirra stórskemmdist í eldsvoðanum í Aðalstræti 32 fyrir hálfri þriðju viku. Fyrir utan ýmiskonar aðstoð og liðveislu hefur fjöldi fólks hringt og stappað í þau stálinu. Núna býr Popovic-fjölskyldan uppi á Túngötu til bráðabirgða, en ekki er enn ákveðið hvað verður um húsið og íbúðina þeirra við Aðalstræti.

Heilbrigðisstofnunin í Ísafjarðarbæ

Milljón fyrir aðhald í rekstri

Í síðustu viku kom Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra færandi hendi á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, en þar afhenti hún Heilbrigðisstofnuninni í Ísafjarðarbæ eina milljón króna í viðurkenningarskyni fyrir aðhald í rekstri.

Guðjón Brjánsson framkvæmdastjóri veitti fénu viðtöku ásamt heiðursskjali þar að lútandi.

Ráðherra lét þau orð fylgja þessari viðurkenningu, að góður árangur í rekstri stofnuninnar væri að þakka góðu starfsfólki og góðum stjórnendum, og mæltist til þess, að fjármunirnir yrðu notaðir til kynningar á starfi stofnunarinnar.

Guðjón Brjánsson virðir fyrir sér heiðursskjalið sem Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra lét fylgja með milljóninni. Á milli þeirra sést Magdalena Sigurðardóttir, stjórnarformaður Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ.

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra á fundi í góða veðrinu utanhúss með starfsfólki og stjórnendum Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ, þar sem hún afhenti stofnuninni eina milljón króna í viðurkenningarskyni fyrir aðhald í rekstri.

Mikil ölvun og sóðaskapur

Helgin var að mestu róleg hjá lögreglunni í Ísafjarðarbæ, þótt eitt skyggði nokkuð á. Mikill samansafnaður ungmenna, aðallega skólafólk frá Ísafirði, var í „útilegu“ í skóginum inni í botni Dýrafjarðar, og var þar mjög mikil ölvun og mikill sóðaskapur á föstudagskvöldið, að sögn lögreglunnar. Mannskapurinn var ennþá við glaum og gleði í Dýrafirði á laugardagskvöldið en þá var ástandið mun skárra og siðsamara.

J.Ó.D. - mótið í golfi

Birgir sigraði með og án forgjafar

J.Ó.D.-mótið í golfi, sem kennt er við þau systkin Jóhann, Ómar og Dýrfinnu Torfabörn var haldið á Tungudalsvelli um síðustu helgi.

Án forgjafar sigraði Birgir Karlsson Golfklúbbnum Glámu á 80 höggum, annar varð Kristinn Kristjánsson GÍ á 81 höggi og þriðji varð Tryggvi Guðmundsson GÍ á 83 höggum.

Birgir sigraði einnig með forgjöf á 62 höggum, annar varð Magnús Gíslason, einnig á 62 höggum og þriðji varð Óli R. Ingimarsson á 63 höggum nettó.

Nándarverðlaun á 7. braut fékk Unnsteinn Sigurjónsson.

Laxveiðin

350 laxar á land úr Laugardalsá

Á mánudag voru 350 laxar komnir á land í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi.

Er þetta mesta veiði í ánni frá 1978 en þá veiddust 704 laxar í ánni. Á síðasta ári komu 137 laxar upp úr ánni. Veiði í Laugardalsá lýkur 13. september.

Ísafjörður

Skutull ÍS strandaði á hefðbundnum stað

Togarinn Skutull ÍS tók sér hvíld aðfaranótt sunnudagsins á leiðinni inn í Ísafjarðarhöfn á hinum hefðbundna stað við flugbrautina þar sem togarar stranda venjulega.

Beðið var eftir að félli að og losnaði togarinn eftir um fjóra klukkutíma með aðstoð lóðsbátsins. Vélin í Skutli er frammí, ólíkt hinum Vestfjarðatogurunum, og þegar skipið lagðist utan í kantinn kom sandur og drulla í inntakið að vélinni og þurfti þess vegna að drepa á henni.

Ekki urðu neinar skemmdir og þurfti einungis að hreinsa sand úr rörum.

Bílbeltalausir sektaðir

Lögreglan á Ísafirði er enn með í gangi herferð varðandi notkun bílbelta svo og öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum. Að undanförnu hafa margir orðið að sjá af þó nokkrum þúsundköllunum vegna trassaskapar í þessum efnum.

Radarskjár á ferð og flugi

Þessa dagana getur að líta tölvuskjá af stærri gerðinni víðsvegar við götur og vegi Ísafjarðarbæjar. Skjárinn er tengdur við radar og á honum geta ökumenn séð á hvaða hraða þeir eru. Tækið er haft skamma stund á hverjum stað og farið með það um allar byggðir Ísafjarðarbæjar, ökumönnum til áminningar um að gæta að hraðanum. Að sögn lögreglunnar hefur þetta mælst vel fyrir.

Uppákoma í Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði

Kona handtekin vegna svívirðinga

Lögreglan á Ísafirði hefur til rannsóknar mál, sem upp kom í Framhaldsskóla Vestfjarða á föstudagsmorguninn í síðustu viku, en þá var mjög gróf og ruddaleg auglýsing varðandi tiltekna konu á Ísafirði hengd upp á auglýsingatöflu í skólanum. Hringt var í konuna og henni sagt frá auglýsingunni og efni hennar. Lögreglan fór á staðinn, tók auglýsinguna og ræddi við mörg vitni að því þegar kona sem er nemandi í skólanum ritaði auglýsinguna á tölvu og hengdi hana síðan upp.

Konan sem þetta gerði var handtekin færð á lögreglustöð til yfirheyrslu. Hér er um að ræða sömu konuna og grunuð er um að hafa sent morðhótanir til forseta Íslands og forsætisráðherra, en það mál er í rannsókn.

Magnús Ólafs Hansson *altmúligmand* í Bolungarvík

Húsgagnasmíðameistari, lögregluþjónn, afgreiðslumaður, deildarstjóri, kaupmaður, slysavarnafrömuður, innheimtufulltrúi, veitingamaður, knattspyrnuþjálfari, sjómaður á ungum aldri og fleira og fleira, en fyrst og fremst Bolvíkingur. Magnús Ólafs Hansson hefur lagt gjörva hönd á margt um ævina og mætir hverjum nýjum degi með bjartsýni og brosi á vör.

Við fáum okkur bíltúr frá Ísafirði og til Bolungarvíkur og spjöllum saman á leiðinni. Verst að hafa ekki með í ferð vin og félaga Magnúsar úr lögreglunni og víðar, Torfa Einarsson, en þeir eru báðir allra manna skemmtilegastir, hvor í sínu lagi en þó einkum saman, og ekki síst þegar þeir hefja raustir sínar og taka tenórdúetta svo að fuglar himinsins halda niðri í sér andanum á meðan.

Til eru margar sögur af Magnúsi Ólafs Hanssyni þegar hann var í lögreglunni á Ísafirði, ekki síst þegar hann var á vakt með Torfa Einarssyni, en þeir eru báðir ljúfmenni, gleðimenn og söngmenn með ágætum. Ekki eru þeir félagar líklegir til að draga neitt úr ævintýralegum frásögnum sínum hvor af öðrum. Á árum þeirra í löggunni er sagt að oft hafi hljómað tvíraddaður tenórsöngur út af lögreglustöðinni á Ísafirði. Ósöngnir yfirmenn á stöðinni báðu þá stundum að fara nú endilega í eftirlitsferð eitthvað út í bæ. Fyrir kom að Inga Ásta, eiginkona Pétur Kr. Hafstein sýslumanns, lék undir dúettsöng þeirra félaga þegar þeir tróðu upp á skemmtunum.

Þegar löggan hljóp rollurnar uppi

Eitt sinn kvartaði kona í Hnífsdal við lögregluna undan garðarollum og Magnús og Torfi fóru á vettvang. Rigning var og jörð blaut. Þegar í Hnífsdal kom tók Magnús til fótanna og hvarf í rigningarsuddann og var alllengi í burtu. Sauðfé getur hlaupið bæði hratt og nokkuð lengi, en Magnús var ennþá þrárri og úthaldsbetri en sauðkindurnar og þegar hann kom aftur var hann búinn hlaupa þær uppi og tjóðra. Hins vegar var hann sjálfur forugur upp fyrir haus, húfulaus og sást varla í úniformið fyrir drullu. Þeir félagarnir fóru síðan á lögreglubílnum, sóttu rollurnar og settu þær í girðingu.

Bolvíkingur á Hólmavík

Magnús Ólafs Hansson er fæddur og uppalinn á Hólmavík, sonur hjónanna Hans Magnússonar og Steinunnar Guðbrandsdóttur frá Hólmavík. Reyndar var Hans Bolvíkingur, en kynntist tilvonandi eiginkonu sinni á Akureyri þar sem hann var í menntaskólanum en hún í húsmæðraskólanum.

Þau hófu sinn búskap suður í Garði en fluttust fljótlega til Hólmavíkur. Magnús Ólafs er númer fjögur í röðinni af fimm systkinum. Hans Magnússon var fulltrúi sýslumanns á Hólmavík í meira en þrjá áratugi og allt til dauðadags árið 1993, en áður starfaði hann á skrifstofu Kaupfélags Steingrímsfjarðar, við hlið Jóns Alfreðssonar sem nú er þar kaupfélagsstjóri.

Fyrst fór Magnús að heiman í skóla að Núpi í Dýrafirði veturinn 1971-72, síðasta veturinn sem Arngrímur Jónsson var þar skólastjóri. Síðan fór hann í Iðnskólann í Reykjavík. Upphaflega var reyndar ætlunin að fara í Stýrimannaskólann, „enda lágu allar mínar leiðir til sjós – ég var á handfærum heima á Hólmavík á sumrin eða í frystihúsinu. Við vorum samtíða í Reykjavík, Magni Jóhannsson frændi minn og ég. Við sóttum báðir um í Stýrimannaskólanum og Magni fékk strax inngöngu þar en ekki ég. Ég bjó hjá afa og ömmu í Reykjavík, og þeim fannst eðlilegt að ég færi í eitthvert almennilegt nám, en ekki í sjómennsku, þar sem engin framtíð væri í slíku. Ég fór þess vegna í nám í húsgagnasmíði, og það var loksins á fjórða ári mínu þar sem ég fékk bréf um að mæta í Stýrimannaskólann, en ég gerði það aldrei. En það er af Magna frænda mínum að segja, að hann er í dag skipstjóri á Breka í Vestmannaeyjum.“

Hjá Jóni Friðgeir

Magnús öðlaðist í fyllingu tímans meistararéttindi í húsgagnasmíði. Hann fluttist aftur vestur til Bolungarvíkur og fór að vinna hjá Jóni Friðgeir Einarssyni. „Það er leitt til þess að vita hversu síðar hallaði undan fæti vegna breyttra aðstæðna, eins og það gekk vel hjá Jóni Friðgeir á þeim tíma. Það var alveg stórkostlegt samfélag í fyrirtækinu, fjöldi af smiðum og komust þó oft færri að en vildu, og húsnæðið var sannarlega of lítið hjá Jóni miðað við umsvifin. Það var unnið á hverjum einasta hefilbekk, ég held að þeir hafi verið sex eða átta. Jón rak þennan fína lakkklefa og var með spónapressu, þannig að ég gat gengið beint inn í þau störf sem ég hafði lært og unnið við. Ég fór að vinna við að smíða eldhúsinnréttingar og fataskápa og jafnvel húsgögn. En nú er af sem áður var. Þegar við hjónin flytjumst vestur árið 1979 var allt í bullandi uppsveiflu í Bolungarvík. Því miður seig á ógæfuhliðina í plássinu, það varð minna um að vera í allri almennri vinnu, fyrirtækin drógu úr umsvifum og fólk fluttist í burtu. Þessu fylgdi að sjálfsögðu að það var að mestu hætt að byggja hús í bænum. Jón Friðgeir byggði fjölda húsa og blokka í Bolungarvík og vinna var næg þegar við komum vestur.

Menn byggðu ekki til þess eins að byggja, heldur vegna þess að þeir höfðu trú á framtíðinni og ætluðu sér að halda áfram á braut velgengninnar í kaupstaðnum. Því miður fór á annan veg. Um tíma ríkti vissulega svartnætti í Bolungarvík, en sem betur fer er það nú farið aftur. Ég held því fram að það sé alltaf til sólskin í Bolungarvík, jafnvel í svartnættinu. Það var alltaf til ofurlítill sólargeisli, sem nú er stöðugt að verða bjartari. Það er staðreynd. Og það er líka staðreynd, að það er alveg óskaplega gaman að lifa! Þó að oft bjáti eitthvað á, þá býður lífið upp á svo ótalmarga möguleika og það er synd að láta þá fara framhjá sér“, segir Magnús.

– Ég hef held ég aldrei séð þig nema glaðlegan og hressan…

„Já, margir hafa aldrei séð neitt annað til mín. En auðvitað á ég mínar erfiðu stundir líka, rétt eins og allir aðrir. Þá verður bara að horfa til þess eina sem skapaði mann – hann getur hjálpað. Ég get í því sambandi vitnað til viðtalsins við Rúnar Þór Þórðarson vin minn hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum. Ég er sannfærður um að það viðtal hefur hjálpað og létt undir með mörgum sem eiga við þunglyndi og erfiðleika að stríða.“

Ýmis störf syðra og vestra

Magnús hætti hjá Jóni Friðgeir þegar fór að dragast saman hjá fyrirtækinu og fór að vinna sem lögregluþjónn á Ísafirði og var þar með hléum í þrjú ár á fyrri hluta síðasta áratugar. „Síðan fór ég að vinna í húsgagnaversluninni Seríu í Ljóninu á Skeiði á Ísafirði og var þar í eitt ár, þangað til mér bauðst vinna hjá ágætu fyrirtæki Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík og var þar deildarstjóri í átta ár, eða þangað til að það fór eins og það fór. Ég er sannfærður um að það voru gerð mikil mistök af hálfu þeirra manna sem létu það fyrirtæki fara á hausinn, og þar á ég við Landsbanka Íslands, þó að ég ræði það ekki frekar hér. En í framhaldi af því fór ég til Reykjavíkur og keypti þar verslunarrekstur ásamt ágætishjónum héðan úr Bolungarvík. Ég var þar í eina sex mánuði, en einhvern veginn er ég þannig, að mér finnst ég hvergi eiga heima nema á Vestfjörðum og helst í Bolungarvík. Mér bauðst vinna heima í Bolungarvík og kom vestur aftur. Þetta var rekstur á matsölustað í félagi við ágætisfólk, en þessi vinna hentaði mér alls ekki. Vinnudagurinn var langur og erfiður, þó að hann væri skemmtilegur.

Það var unnið alla daga og allar helgar árið um kring, þannig að ég hætti og réðst sem innheimtufulltrúi hjá Ísafjarðarbæ og gegndi því starfi í þrjú ár. Núna er ég kominn í

sérverkefni fyrir bæjarsjóð Ísafjarðarbæjar við að skrá lausafjármuni sveitarfélagsins í öllum byggðum þess.“

– Þegar þú varst innheimtufulltrúi – varstu þá að gera fólki lífið leitt?

„Ég reyndi nú að forðast að gera fólki lífið leitt. Ég held að ég hafi verið fremur farsæll í þeim verkum og átt fólkið að vinum heldur en hitt. Jafnvel gæti verið að ég hafi stundum verið liðlegri en góðu hófi gegndi! Þetta var í rauninni skemmtilegur tími, þó að hann hafi verið erfiður að sumu leyti, og ég kynntist þar mörgu góðu fólki og eignaðist góða vini, ekki síst í hópi þeirra sem minna máttu sín fjárhagslega af einhverjum ástæðum.“

Knattspyrnuvöllurinn á Skeiði

Við ökum áleiðis afleggjarann upp að Hóli í Bolungarvík og beygjum síðan til vinstri rétt fyrir ofan kirkjugarðinn. Þar uppi á Skeiði, á dálitlum malarhjalla undir fjallinu, er knattspyrnuvöllur Ungmennafélags Bolungarvíkur. Völlurinn var upphaflega gerður sem grasvöllur einhvern tímann upp úr 1960 og þar komu margar hendur að verki. Þar má nefna t.d. Einar Benediktsson Olískóng, Halla málara, Pálma Karvels og Karvel Pálmason, Sigga Sveina og fleiri og fleiri.

„Síðan var völlurinn látinn eiga sig um skeið“, segir Magnús, „líklega einkum vegna þess að það gekk ekki nógu vel í fótboltanum, en svo var það árið 1994 sem þáverandi knattspyrnuráð fór út í stórkostlegar framkvæmdir við endurbætur á vellinum og allt var unnið í sjálfboðavinnu. Þeir sem að því stóðu eiga miklar þakkir skildar, en leiðtoginn var Albert Haraldsson ásamt Hjörleifi Guðfinnssyni. Ég held að þeir eigi í rauninni þennan völl eins og hann er nú, ásamt þeim mörgu sem lögðu hönd á plóginn.“

Á vordögum 1995 tók núverandi knattspyrnuráð UMFB við starfi, en það skipa þrír menn. Magnús er formaður, Elías Jónatansson gjaldkeri og Karl Hallgrímsson ritari, sonur Halla málara. „Yngri flokkarnir voru alltaf í bullandi uppsveiflu, en það vantaði að meistaraflokkurinn skilaði sér nógu vel, þannig að fyrirmyndirnar voru ekki eins góðar og krakkarnir þurftu. Margir voru búnir að koma að þessu starfi áður, voru orðnir þreyttir og vildu losna.“

15.000 fermetra æfingasvæði

Á þessum tíma hafði verið byrjað á nýju æfingasvæði uppi á Hreggnasa í Bolungarvík, en sýnt þótti að það yrði allt of dýrt. Þess vegna réðst hið nýja knattspyrnuráð í þá framkvæmd, að búa til nýtt æfingasvæði á milli knattspyrnuvallarins og vegarins inn í kaupstaðinn, rétt á móti loðnuverksmiðjunni. „Hér hafa sannarlega komið hjálparhendur að verki. Það mega Bolvíkingar eiga, að þeir standa saman þegar um stórverkefni er að ræða. Þetta er fimmtán þúsund fermetra æfingasvæði og var byrjað á því í hitteðfyrra. Ætlunin er að klára að tyrfa það sem eftir er núna í haust. Við vonumst til þess að hægt verið að fara að nota þetta svæði í júlímánuði á næsta ári.“

– Þú bæði spilaðir og þjálfaðir fótbolta…

„Þegar ég var í Iðnskólanum æfði ég og spilaði ég með þriðja og öðrum flokki KR, en þá átti ég heima úti á Seltjarnarnesi hjá ömmu og afa. Síðan fluttist ég til systur minnar í Kópavogi, en á hæðinni fyrir neðan bjó ágætur vinur minn, Kári Kaaber, sem var þá liðsstjóri hjá Víkingi. Fyrrverandi þjálfari heima á Hólmavík, Sigfús Guðmundsson, sem spilaði í mörg ár í markinu hjá Víkingi, hvatti mig eindregið til að ganga í Víking til þess að fá að spila í meistaraflokki í efstu deild, því að ég ætti alveg möguleika á því. Ég fór á æfingar með Kára og æfði allt sumarið 1978 en komst ekki í liðið. Þá átti ég reyndar við sjúkleika að etja, nýrun í mér voru sögð ónýt, en þau virðast aftur á móti vera í besta lagi í dag…“

Í vörninni hjá Víkingi

– Þannig að þú hefur ekki mátt verða fyrir hnjaski, eins og Bjarni Fel orðar það…

„Einmitt, en vegna þess að talið var að ég ætti ekki langt eftir, þá gerði ég einfaldlega það sem mig langaði til, og það var að æfa fótbolta á fullu. Og svo fór árið eftir, sumarið 1979, að ég spilaði með Víkingi í efstu deild. Það var skemmtilegasti tíminn minn í boltanum, en æfingarnar voru mjög erfiðar. Þjálfari þá var Júrí Ilitsév og við lentum í fjórða sæti í deildinni. Ég spilaði í vörninni og var svokallaður sóknarbakvörður hægra megin. Þetta sama haust fluttumst við vestur og ég ákvað að hætta í fótboltanum. Ég var búinn að kaupa húsið þeirra afa og ömmu hérna að Hafnargötu 110, en það var ekki langt um liðið þegar þeir feðgarnir Krissi frændi minn og Kitti Jónu Petólínu komu til mín og buðu mér í innanhússæfingar í fótbolta á Ísafirði. Ég sagðist vera hættur og ætlaði í staðinn að byggja upp heimili og laga lóðina, en fór á eina æfingu og þær urðu fleiri en til stóð. Á endanum spilaði ég með Ísfirðingum í innanhússfótbolta þá um veturinn og þar með átti þetta að vera búið.“

Þjálfari í Færeyjum

„En fljótlega eftir innanhússmótið komu þeir feðgar aftur ásamt Kjartani Sigtryggssyni þjálfara ÍBÍ og buðu okkur hjónunum í Færeyjaferð. Konan sagði að við gætum ekki hafnað þessu góða boði, en böggull fylgdi skammrifi: Ef við færum til Færeyja á kostnað ÍBÍ varð ég að spila með liðinu um sumarið. Og það varð úr að ég spilaði með ÍBÍ í annarri deild sumarið 1980. En í Færeyjum kom til mín Björn Helgason, núverandi íþróttafulltrúi á Ísafirði, sem þá var við þjálfun í Færeyjum, og bauð mér að taka við liðinu sínu á Skála á Austurey og halda áfram hans verki við þjálfun meistaraflokks. Svo líður sumarið og ég fæ bréf frá Færeyjum, þar sem ég er beðinn að koma út til viðræðna um þjálfun. Það varð úr og þar var ég í tvö ár og þjálfaði alla flokka, sjö mánuði hvort ár. Á þeim tíma fór ég á þjálfaranámskeið hjá Malmö FF í Svíþjóð.“

Jafnaðarmaður að eðlisfari

– Þú hefur verið í pólitík og hálfgerður undanvillingur þar stundum og dálítið sér á parti, ef ég man rétt…

„Ég hef alla tíð verið sér á parti! Ég hef alltaf verið jafnaðarmaður í eðli mínu og lít á alla menn sem jafna. Ég hef aldrei kunnað það, alveg frá því að ég var að alast upp á Hólmavík, að líta Jón öðrum augum en séra Jón. Ég var í bæjarpólitíkinni hér í Bolungarvík fyrir jafnaðarmenn og frjálslynda, og tilheyrði reyndar þeim frjálslyndu, því að margir eru bundnir á einhverja klafa í pólitíkinni. Ég vildi oft fara mínar eigin leiðir og fékk iðulega ákúrur fyrir það. Eitt dæmi er þegar átti að segja öllum starfsmönnum bæjarins upp til að losa sig við einhverja einstaklinga. Þá sagði ég nei. Ég stóð á sannfæringu minni og sem betur fer var tillagan um uppsögnina felld á bæjarstjórnarfundi. En listann hjá okkur leiddi Ólafur Þór Benediktsson og gerði það með mikilli prýði. Hann lét verkin tala og á mikið í uppbyggingu bæjarfélagsins.“

– Þú varst einhvers staðar á skjön við gamla flokkakerfið við síðustu þingkosningar…

„Já. Við vorum alls ekki á eitt sáttir, við Sighvatur Björgvinsson. Hann má vissulega eiga það kallinn, að hann er einn af þeim fáu þingmönnum sem koma iðulega hingað vestur til að heilsa upp á fólk úr öllum flokkum. En það varð stríð í Alþýðuflokknum þegar Jóhanna gekk út – hún er treg í taumi eins og ég – og mér fannst mjög gott að vinna með henni. Ég studdi hana og fór í framboð hér á Vestfjörðum fyrir Þjóðvaka. Það var mikill skóli og óskaplega skemmtilegur, þó að við næðum ekki manni inn. En ég sneri ekki baki við jafnaðarstefnunni og geri sjálfsagt aldrei.“

– Það eru víst margar vistarverur hjá jafnaðarstefnunni, rétt eins og í húsi föður míns sem segir frá í góðri bók…

„Já, eða í Sjálfstæðisflokknum. Þar eru líka margar vistarverur. Ég varð þess heldur betur áskynja þegar ég var í bæjarpólitíkinni.“

– Kynntistu Sigurði Péturssyni eitthvað að ráði þegar þú varst að vinna með Þjóðvaka?

„Já, ég kynntist honum nokkuð sæmilega. Það er maður með ákaflega heilsteyptar skoðanir. Þetta er jákvæður piltur og hefur alla tíð þurft að hafa fyrir lífinu. Þeir sem hafa þurft að dýfa hendinni í kalt vatn, þeir bera landið uppi.“

Fólk og framkvæmdir

– Segðu mér meira frá fótboltanum í Bolungarvík og formennskunni í knattspyrnuráði og uppbyggingu íþróttasvæðisins hér…

„Starf yngri flokkanna hér var öflugt fyrir, en árið 1996 reyndum við að efla það enn og gengumst fyrir sérstöku Vestfjarðamóti. Árið áður höfðu þau heiðurshjón Anna Jörundsdóttir og Bjarni Jóhannsson farið af stað með Vestfjarðamót hér á Skeiðinu að eigin frumkvæði og unnu allt í kringum það að mestu leyti upp á eigin spýtur. Þau gáfu líka alla verðlaunagripi fyrir mótið. Það er þeim að þakka að hafa komið þessu í núverandi farveg. En við fórum út í að ná samningum við Skeljung og fyrirtækið útvegaði okkur trjáplöntur fyrir hvern einasta keppanda í öllum flokkum, alls um 350 talsins, og síðan stærri plöntur fyrir hvert lið.“ Og við Magnús göngum um hinn verðandi skóg í slakkanum austan við knattspyrnuvöllinn. „Það er alveg óskaplega gaman að vera í forsvari fyrir félagasamtök, þar sem maður finnur fyrir svona eindregnum stuðningi alls fólksins. Það er svo jákvætt og almennilegt, að ég held að það sé leitun að öðru eins og hér í Bolungarvík. Þegar Bolvíkingar gera eitthvað, þá gera þeir það með stæl. Í þessum efnum má ekki gleyma Vélsmiðjunni Mjölni með Finnboga frænda minn Bernódusson í fararbroddi. Hann byggði planið hér fyrir neðan völlinn, gróf skurðina og lagði veginn hingað. Hann byrjaði líka á því að ryðja út sandhólunum þar sem æfingasvæðið nýja er nú með tækjunum sínum, okkur nánast að kostnaðarlausu. Finnbogi sagðist aldrei hafa getað spilað fótbolta og aldrei komist í lið, en hann gæti hins vegar látið gott af sér leiða fyrir afkomendur sína með þessu. Eins og í svo mörgum öðrum efnum, segi ég. Þetta vann hann allt í sjálfboðavinnu með sínum mönnum og má þar ekki síst nefna Aðalbjörn Jónsson, sem var ósínkur á að mæta með Finnboga á jarðýtunni eða beltavélinni eða Payloadernum. Það er líka enn og aftur ástæða til að þakka bæjaryfirvöldum þann stórkostlega velvilja sem þau hafa sýnt uppbyggingu á íþróttamannvirkjum hér í gegnum tíðina og þann fjárstuðning sem þau hafa veitt. Það gildir um alla pólitíska flokka. Meira að segja eindregnir antísportistar innan Sjálfstæðisflokksins, og get ég þar nefnt

Prentfrelsi!

Landsmálablaðið Vestri hefur verið í sumarleyfi og kom ekki út í síðustu viku þótt gefin hafi verið út sérstök fréttatilkynning þar að lútandi. Umrædd tilkynning laut einkum að því að tilkynna stofnun nýs fyrirtækis, sem bera mun heitið Prentmiðlun ehf. Því er ætlað að yfirtaka verkefni sem Ísprent ehf. hefur haft með höndum og einnig rekstur vikublaðsins Vestra, sem Ísprent hefur gefið út.

Óneitanlega yrði blaðakostur fátæklegri ef blöðum útgefnum á Ísafirði fækkar. Blöð stjórnmálaflokkanna koma óreglulega út. Og þó þau koma reglulega út fyrir kosningar en sjaldan þess á milli. Að vísu er gamli Skutull orðinn hálf munaðarlaus að eigin sögn. Honum var ekki beitt í kosningabaráttunni síðast liðið vor. Það er eftisjá að Skutli, sem ekki mun eiga sér neina framtíð aðra en þá að gefa út sjómannadagsblað með auglýsingum. Hér er miðað við yfirlýsingu ritstjóra um hlutverk blaðsins í síðustu kosningum og væntingar um sameiginlegt framboð vinstri manna í næstu alþingiskosningum.

En bót er í máli að Vesturland og Ísfirðingur munu lifa, en efi ríkir um Vestfirðing verði óskir útgefandans um sameiginlegan lista að veruleika í næstu alþingiskosningum. En hvers vegna allt þetta tal um útgáfu blaða á Vestfjörðum? Svarið er einfalt. Nýja fyrirtækið, sem reyndar er ætlað að yfirtaka hið „gamla” Ísprent, hefur þann tilgang að koma í veg fyrir að þjónusta og störf í þessari grein leggist af á svæðinu. Mun hér vera átt við störf í prentiðnaði og sennilega við blaðaútgáfu. Ber að fagna þessari djarfmannlegu yfirlýsingu. Hins vegar hafði ekkert verið gefið til kynna um að störf væru að leggjast af í greininni fyrr en með þessari tilkynningu um að Ísprent hefði nú lokið störfum.

Fjölmiðlar

Blöð hafa mikil áhrif í því þjóðfélagi upplýsinga og fjölmiðlunar sem Íslendingar búa við. Sannleikur er vandmeðfarinn. Oft renna tvær grímur á kjósendur skömmu fyrir kosningar. Þá sýnist sannleikurinn hafa jafn mörg andlit og framboðin og jafnvel ívið fleiri. Þess á milli virðist andlitið eitt en með mörgum svipbrigðum. Á Íslandi hafa orðið ótrúlegar breytingar í fjölmiðlun síðustu árin. Pólitísk dagblöð hafa gefið upp öndina hvert á fætur öðru, þótt menn telji sig greina ýmis pólitísk tilbrigði. Deila má um það hversu heppilegt sé að alþingismaður ritstýri jafnframt dagblaði. Hann hefur til þess fullt frelsi og dagblaðið líka, kæri það sig um. En bæði dagblaðið og þingamðurinn verða ekki eins sannfærandi á eftir. Þau glata bæði trúnaði kjósenda og lesenda.

Okkur lesendum kemur svo sem ekki við hvernig blöðum er ritstýrt og hver efnistökin eru. En vilji þau vera frjáls og óháð og eiga þannig trúnað okkar ættu eigendur að vera heilir í verkum sínum og gæta þess að vald fjölmiðla er ærið og gerir þær kröfur að eins vel sé með farið og sömu blöð krefjast af stjórnmálamönnum.

Stór þáttur viðleitninnar er að hafa rétt eftir og fara með satt mál. Í fréttatilkynningu þeirri sem gerð var að umtalsefni að framan koma fram háleit markmið. Því skal fagnað af einlægni að störfum fjölgi í prentiðnaði á Vestfjörðum. Öll nýbreytni er af hinu góða, svo fremi hún skaði ekki með órettmætum hætti aðra.

Það virðist sem hinum nafnlausu leynifélögum Prentmiðlunar ehf. hafi ekki verið kunnugt um tilvist annarrar prentsmiðju á Ísafirði og annars landsmálablaðs. Það er umhugsunarvert ef satt reynist og gefur til kynna að stofnendurnir hafi ekki kynnt sér aðstæður í prentiðnaði á Ísafirði.

Þá vaknar sú spurning á hverju eigendur hins nýja fyrirtækis, hópur fjárfesta sem kemur víða að, byggja ráðagerðir sínar. Er það traustvekjandi að vilja ekki koma fram undir nafni?

Sannleikurinn?

Í fréttatilkynningunni nafnlausu er einnig vikið að ástæðu þessara umskipta, sem er sögð vera fyrst og fremst veik staða prentiðnaðar á Vestfjörðum og mikið tap Ísprents ehf. vegna gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu, sem átt hafa í viðskiptum við Ísprent.

Fóðlegt væri að fá samantekt á því hver þessi fyrirtæki eru og hverjir einstaklingarnir. Því miður gerist það of oft að fólk og fyrirtæki verða gjaldþrota, en nokkuð lát hefur þó orðið á. Erfitt er að varast gjaldþrot annarra, en ein leið sem mikið er víst notuð í seinni tíð er að líða ekki viðskiptavinum að safna skuldum.

Hver sem sannleikurinn er í þessum efnum er eitt ljóst. Höfundum fréttatilkynningarinnar hefur orðið á í messunni. Þeir vissu ekki, mundu ekki eða hreinlega ætluðu að láta sem annað fyrirtæki og annað vikublað væru ekki raunverulega til á Ísafirði. Hver sem ástæðan er, fákunnátta, gleymska eða hroki, þá er það ekki sannleikurinn. Í misskilinni viðleitni til að gera hlut sinn meiri varð þeim hópi fjárfesta á í messunni. Þeir fóru ekki rétt með sannleikann. Það væri út af fyrir sig í lagi hefði honum verið þannig háttað að hann væri jafn dulinn og fjárfestarnir. En svo var ekki. BB kemur út í hverri viku og fer ekki í sumarorlof. Í haus blaðsins á 2. síðu þess kemur fram að H-Prent er útgefandi þess.

Í tilkynningunni var því ekki farið með rétt mál og er þá ekki eingöngu verið að tala um að Vestri kom ekki út 3.september 1998. Vonandi er fall fararheill og að sannleikanum verði gert hærra undir höfði þegar að útgáfu kemur.

Ásgeir Þór Jónsson vin minn og aðra á þeirri línu, voru allir heilshugar með stuðningi við þessar framkvæmdir og fjárveitingar til knattspyrnuráðs til næstu fimm ára.“

Sameinað lið er draumurinn

– Þú vilt að Bolvíkingar, Ísfirðingar og Súðvíkingar tefli fram sameinuðu liði í meistaraflokki í knattspyrnu…

„Já, það hefur verið draumur minn, alveg frá því að ég spilaði á Ísafirði fyrir bráðum tuttugu árum. Það má ná miklum árangri með sameinuðu átaki. Ég vil eitt, sterkt sameinað lið þessara sveitarfélaga, og þar horfi ég líka til allra þeirra fjármuna sem fara hreinlega í súginn við núverandi skipan. Við náum ekki árangri nema við stöndum saman. Bráðlega verður farið að ræða þessi mál og ég vona að við verðum svo gæfusamir að geta stillt upp einum góðum meistaraflokki sameiginlega. Reynslan á Austfjörðum, hjá Knattspyrnubandalagi Vals og Austra (KVA), sýnir hvað farsælast er í þessum efnum. Þar hafa engir hnökrar komið upp á samstarfinu, fyrir utan neikvæðar raddir í upphafi, en þær eru nú sem betur fer að þagna. Núna er KVA um miðja fyrstu deild. Ef af slíku samstarfi hér verður, þá nýtast fjármunirnir betur, við fáum fleiri áhorfendur og árangurinn verður betri. Við getum leikið heimaleikina til skiptis á Ísafirði og í Bolungarvík, og þegar vel gengur, þá kemur fólkið. Þetta dæmi verður að ganga upp.“

Allt stendur og fellur með fiskvinnslunni

– Hvað finnst þér um þá þróun sem orðið hefur í atvinnumálum í Bolungarvík, að Grindvíkingar skuli vera komnir hér til valda?

„Þarna komstu við veikan blett. Ég hef aldrei verið á þeirri skoðun að við eigum að fá einhverja sunnanmenn til að aðstoða okkur eða stjórna okkur. Við höfum áður getað staðið í báða fætur og getum það enn ef við ætlum okkur. Ég vil heldur sjá heimamenn rífa upp fiskvinnsluna hér en einhverja aðkomumenn. Því miður skilja þeir ekkert eftir hér. Kvótinn er farinn frá okkur suður að verulegu leyti, enda þótt við byggjum alla afkomu okkar á fiskvinnslu. Ef fiskvinnslan hér hættir, þá hættir íþróttastarfið líka – þá hættir einfaldlega allt mannlíf hér“, segir Magnús Ólafs Hansson, húsgagnasmíðameistari, Bolvíkingur og altmúligmand, sem er nú í sérverkefnum fyrir Ísafjarðarbæ, en getur strax á morgun verið farinn að reka sviðasultugerð eða næturklúbb, stunda hænsnarækt eða selja tryggingar, ef svo ber undir. En hitt er víst, að hann á oft eftir að taka lagið með vini sínum Torfa Einarssyni, þannig að fugla himinsins og fiska undirdjúpanna og önnur kvikindi setur hljóð á meðan.

– Hlynur Þór Magnússon.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Opið hús

Opið hús fyrir almenning laugardaginn 12. september frá kl. 14-18 á Ísafirði og Flateyri.

Komið og kynnist starfseminni, fræðist um tæki og búnað og látið koma ykkur á óvart á sjúkrahúsinu á Ísafirði og á heilsugæslustöðvunum á Ísafirði og á Flateyri.

Starfsfólk HSÍ.

Útboð

Tónlistarfélag Ísafjarðar óskar eftir tilboðum í uppsteypu og frágang utanhúss á viðbyggingu við Tónlistarskólann að Austurvegi 11.

Viðbyggingin er samkomusalur ásamt anddyri og eru um 170m² að grunnfleti og 1.070 m³.

Útboðsgögn verða afhent hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, Aðalstræti 26, Ísafirði, frá og með mánudeginum 14. september nk.

Grunnskólinn á Ísafirði einsetinn í fyrsta sinn

Nemendum hættir að fækka

Alls eru um 560 nemendur í 27 bekkjardeildum skráðir í Grunnskólann á Ísafirði í vetur. Það er fjölgun um tíu nemendur frá síðasta skólaári, en reynslan sýnir að jafnan vantar eitthvað á að allir sem skráðir eru skili sér. Því má gera ráð fyrir, að fjöldi nemenda verði svipaður og í fyrra eða um 550.

Í setningarræðu Kristins Breiðfjörð Guðmundssonar skólastjóra í síðustu viku kom fram, að nýbyrjaðs skólaárs verði væntanlega minnst helst sem ársins þegar skólinn var fyrst einsetinn – að vísu við bráðabirgðaaðstæður. Það þýðir, að allir bekkir byrja starfsdaginn að morgni, yfirleitt kl. átta, nema sex ára bekkur, sem byrjar einni kennslustund síðar í samræmi við óskir foreldra.

Á komandi vetri mun skólinn fá til afnota húsnæði til bráðabirgða á annarri og þriðju hæð Kaupfélagshússins gamla við Austurveg. Þar verða sex almennar kennslustofur, ein myndmenntastofa, tvö sérkennsluherbergi, kennarastofa, vinnuherbergi og geymsla. Áætlað er að húsnæði þetta verði tilbúið til notkunar í byrjun næstu viku. Hins vegar verður nýr inngangur á 2. hæð hússins ekki tilbúinn fyrr en í síðari hluta október. Í vetur verður nemendum 4. og 5. bekkjar kennt í þessu húsnæði.

„Það verður að teljast verulegur kostur við þá bráðabirgðalausn húsnæðis, sem valin var“, sagði Kristinn í ræðu sinni, „hve nálægt það stendur aðalskólahúsinu. Einnig verður vel rúmt um þær sex bekkjardeildir sem þar verða, ef mið er tekið af gamla húsnæðinu. Helsti ókostur við þessa bráðabirgðalausn er hins vegar sá, að skólalóðin er lítil.“

Auk framkvæmda við Kaupfélagshúsið var unnið að lagfæringum og breytingum í aðalbyggingu skólans í sumar. M.a. var sett upp lyfta fyrir hreyfihamlaða. „Það má segja nemendum skólans til hróss, að umgengni er með þeim hætti að engum fjármunum þurfti að verja til viðgerða á skemmdum innanhúss. Rúðubrot og veggjakrot utanhúss er hins vegar stöðugt áhyggjuefni. Slík skemmdarverk virðast nær eingöngu bundin við næturlífið hér í miðbænum um helgar og geta því varla skrifast á nemendur skólans“, sagði Kristinn.

Kristinn Breiðfjörð.

Í byrjun árs festi skólinn kaup á 14 nýjum tölvum og auk þess hefur netþjónn skólans verið endurnýjaður. Fleira hefur verið gert til endurbóta í þessum efnum og má nú segja, að tölvubúnaður og tölvukerfi skólans sé orðið eins og best gerist hér á landi.

Grunnskólinn á Ísafirði.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Hlíðarvegur 14: Einbýlishús - kjallari, hæð og óinnréttað ris. Grunnflötur ca. 90m². Húsið er nýuppgert að mestu.
Verð: 10.400.000,-
Aðalstræti 13: Efri hæð í tvírýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr.
Kirkjubær: Lítið einbýlishús. Laust.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega.
Verð: 6.300.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Pólgata 6: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus.
Verð: 4.300.000,-
Stórholt 13: 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 1.600.000
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.000.000,-

Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta húsið í bænum. 277m², ásamt bílskúr.

Heiðarbraut 12: Rúmlega 220m² tvílyft einbýlishús ásamt bílskúr. Geta verið tvær íbúðir. Laust fljótlega. Verð kr. 11.500.000.-
Skipti á minni eign koma til greina.

Túngata 18: 4 herbergja íbúð á 3. hæð. Nýuppgerð. Verð kr. 6,9 millj.

BOLUNGARVÍK:

Þuríðarbraut 9: Rúmlega 120m² einbýlishús úr timbri ásamt mjög stórum bílskúr (hátt til lofts). Húsið getur verið laust fljótlega. Verð kr. 6.200.000.-
Búðarkantur 2: Rúmlega 200m² stálgrindarhús.
Holtabrún 5: Ca. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Hafnargata 7: 86m² neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Höfðastígur 6: U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Skólastígur 21: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er auð. Verð kr. 3.700.000,-
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Vitastígur 9: 2 x 75m² parhús. Nýuppgert og mjög vandað.
Völusteinsstræti 3: Einbýlishús ásamt bílskúr.
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgert að utan. Verð: 7.000.000,-.

FLATEYRI:

Hjallavegur 9: 3ja og 4ja herbergja íbúðir.
Hjallavegur 14 og 16: Lítil raðhús á einni hæð.
Hjallavegur 18: Efri og neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Hjallavegur 20: Efri hæð í tvíbýlishúsi
Hafnarstræti 23: Einbýlishús ásamt bílskúr. Húsið er laust. Verð: 2,600,000,-
Góð áhvílandi lán fylgja öllum eignunum á Flateyri.

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 23: Lítið einbýlishús. Húsið er laust. Verð: 600.000.-
Brunnar II: 170 m² einbýlishús. Laust. Verð kr. 5.200.000,-
Hjallar 10: Einbýlishús - laust. Verð: 3.600.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 10: Efri hæð í tvíbýlishúsi. Góð áhvílandi lán.

Vestfirðir

GSM í þéttbýli

Nú er komið GSM-samband á öllum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum, að sögn Sveinbjarnar Björnssonar, þjónustufulltrúa Landssímans á Ísafirði.

Margir nýir sendar voru teknir í gagnið í síðustu viku og þá bættust við þeir staðir sem áður höfðu ekki GSM-samband, þ.e. Hnífsdalur, Súðavík, Suðureyri, Þingeyri, Bíldudalur, Tálknafjörður og Hólmavík. Misjafnt er eftir aðstæðum hve langt sendarnir ná, en hægt er að ná sambandi ef sjónlína er við þá.

Heilbrigðisstofnunin

Stofnunin kynnt

Opið hús verður á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ, Ísafirði, laugardaginn 12. sept. milli kl. 14 og 18. Þar geta gestir látið mæla í sér blóðþrýstinginn, ganga úr skugga um blóðflokkinn og athuga heyrnina og farið í þrekpróf.

Almenningi verður boðið að ganga um deildir og starfssvæði, kynna sér starfsemina, fræðast um tæki og tól, horfa á myndbönd, láta athuga líkamsástandið og þiggja veitingar.

Á sama tíma er einnig opið hús á Heilsugæslustöðinni á Flateyri. Að sögn Guðjóns Brjánssonar framkvæmdastjóra hefur það lengi verið draumur stofnunarinnar að bjóða almenningi að kynnast starfseminni.

H-bekkurinn og Helga Aðalsteinsdóttir.

Ásthildur Hermannsdóttir og Á-bekkurinn.

Að byrja í sex ára bekk grunnskóla

Lífið er eins og stigagangur, þar sem hver trappan tekur við af annarri á leiðinni upp, að minnsta kosti framan af. Seinna tekur jafnsléttan við hjá mörgum og að síðustu koma aftur tröppur niður. Ein trappan, ein af þeim hærri, einn áfanginn snemma á lífsleiðinni, er að byrja í grunnskóla. Þessum tímamótum fylgja oft blendnar tilfinningar, bæði tilhlökkun og líka svolítill kvíði, eins og jafnan þegar gengið er inn í nýja og framandi veröld. Sex ára börnin sem nú eru að stíga sín fyrstu skref í Grunnskólanum á Ísafirði eru í þremur bekkjardeildum. Hver þeirra hefur sinn einkennisstaf, en það er fyrsti stafurinn í nafni bekkjarkennarans. Bekkirnir heita þess vegna Á-bekkur, H-bekkur og I-bekkur.

Inga Sigga og I-bekkurinn hennar.

Frá fundi landsstjórnar og þingflokks Framsóknarflokksins sem haldinn var á Ísafirði í síðustu viku.

Hótel Ísafjörður

Framsóknarmenn funda

Landstjórn og þingflokkur og þar með allir ráðherrar Framsóknarflokksins komu saman til fundar á Ísafirði í síðustu viku. Venja er hjá flokknum að halda einn slíkan fund einhvers staðar úti um landið á hverju ári. Um hádegi á þriðjudag var efnt til almenns fundar á Hótel Ísafirði, þar sem landsmálin voru rædd og boðið upp á súpu.

Ekki fór svo, að á þessum fundi væri tilkynnt að Gunnlaugur M. Sigmundsson myndi taka við embætti af Guðmundi Bjarnasyni umhverfis- og landbúnaðarráðherra, eins og ýmsir höfðu búist við.

Ráðherrar að snæðingi. Frá vinstri: Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra og Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra.

FASTEIGNASALAN

Sími 533 1313

frón

FINNBOGI KRISTJÁNSSON LÖGG. FASTEIGNASALI

Silfurtorg 1

Um er að ræða rúmgóða 105 fm íbúð, auk þess tvö herbergi í risi, í einu fallegasta steinhúsi í miðbæ Ísafjarðar. Íbúðin er verulega endurbyggð, parket, flísar og viðargólfborð. Á hæðinni eru stofa, borðstofa, eldhús, bað og stórt hjónaherbergi. Góðar innréttingar. Fallegar svalir í suður með útsýni yfir torgið. Rafmagn og hiti endurnýjað. Nýtt þak og einangrun í risi.
Verð kr. 7,9 millj. Áhv. Byggsj. og húsbréf kr. 3,9 millj. Upplýsingar veitir Finnbogi hér á Fróni í síma 533 1313.

Túngata 3

Um er að ræða 60 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í þessu virðulega húsi á einum besta stað á Ísafirði. Húsið er í góðu viðhaldi. Sér inngangur. Í þessari íbúð er Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson fæddur. Góð fjárfesting fyrir byrjendur og lengra komna.

Fyrirtæki • Byggingar

Um er að ræða lóð inn í firði við verslunarmiðstöð með leyfi til að byggja á tveimur hæðum, verslun fyrir greiðasölu, veitingastað og bensínsölu. Gott tækifæri. Upplýsingar veitir Finnbogi hér á Fróni.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Skólasetning

Skólasetning Tónlistarskóla Ísafjarðar fer fram í sal Grunnskólans á Ísafirði sunnudaginn 13. september kl. 17:00.

Ávörp og tónlistarflutningur.

Allir velkomnir.

Skólastjóri.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Áhugavert starf

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra óskar eftir starfsfólki í frekari liðveislu og liðveislu. Starfið er fólgið í stuðningi og aðstoð við fatlað fólk sem býr í eigin húsnæði. Um hlutastarf/störf er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Sigfríður eða Sóley í síma 456 5224.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofunni, Mjallargötu 1, Ísafirði. Umsóknarfrestur er til 16. september 1998.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Innritun nemenda

Innritun nemenda fyrir veturinn 1998-1999 lýkur fimmtudaginn 10. september.

Nemendur frá fyrra ári eru minntir á að innrita sig. Greiða skal hluta skólagjaldsins við innritun.

Nauðsynlegt er að hafa með stundaskrár úr öðrum skólum. Ekki er tekið á móti umsóknum í síma.

Skólastjóri.

Blómahornið

Verið velkomin í nýja verslun með blóm og gjafavörur, sem opnar föstudaginn 11. september kl. 13:00 að Hafnargötu 46.

Opnunartilboð.

Blómahornið Bolungarvík

Sími 456 7021

Systir mín

Guðný Guðbjörg Jónsdóttir
frá Efri Engidal, Ísafirði

lést 29. ágúst 1998. Útför hennar hefur farið fram.
Fyrir hönd annarra vandamanna.
Magdalena Jónsdóttir.

DAGSKRÁ

9. SEPTEMBER - 15. SEPTEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 1998

13.15 Skjáleikurinn
16.15 Fótboltakvöld
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
Grikkland. Í þessari þáttaröð er litast um víða í veröldinni og fjallað um sögu og menningu hvers staðar.
19.00 Emma í Mánalundi
20.00 Fréttir og veður
20.35 Víkingalottó
20.40 Laus og liðug (10:22)
21.05 Skerjagarðslæknirinn
22.05 Bráðavaktin (18:22)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 1998

10.00 Keikó kemur
Bein útsending frá komu háhyrningsins Keikós til Vestmanneyja.
12.00 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (19:21)
18.30 Undraheimur dýranna
19.00 Loftleiðin (30:32)
19.45 Keikó kemur
Stutt samantekt frá komu háhyrningsins Keikós til Vestmanneyja.
20.00 Fréttir og veður
20.35 Meiri krít (1:6)
(Chalk II)
Bresk gamanþáttaröð um yfirkennara í unglingaskóla sem hefur allt á hornum sér.
21.00 HHÍ-útdrátturinn
21.05 Eins konar réttlæti (2:3)
22.05 Bílastöðin (1:24)
(Taxa) Nýr danskur myndaflokkur um litla leigubílastöð í stórborg og frásagnir af bílstjórum og farþegum sem spegla líf og atburði í borginni frá öllum hliðum.
23.00 Ellefufréttir
23.15 Djasshátíð Reykjavíkur
Upptaka frá setningarathöfn hátíðarinnar sem fram fór á miðvikudag.
23.30 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 11. SEPTEMBER 1998

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljósi
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (54:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Fjör á fjölbraut (12:14)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Titanic (1:2)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 gerð eftir hinni átakanlegu sögu um skipið sem átti að vera ósökkvandi en sökk þó í sinni fyrstu ferð. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur á laugardagskvöld.
22.10 Rofin heit
(Broken Vows)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1986 um raunir katólsks prests sem verður ástfanginn af konu og verður að velja á milli hennar og hempunnar.
23.45 Saksóknarinn (18:21)
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 12. SEPTEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp
10.35 Hlé
10.50 Formúla 1
Bein útsending frá tímatökum fyrir kappaksturinn á Monzbrautinni á Ítalíu.
12.30 Skjáleikurinn
15.35 Auglýsingatími
15.50 Íslandsmótið í knattspyrnu
Bein útsending frá leik KR og ÍA í efstu deild karla
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Rússneskar teiknimyndir
18.30 Furður framtíðar (5:9)
19.00 Strandverðir (13:22)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Lottó
20.40 Georg og Leó (19:22)
21.10 Titanic (2:2)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 gerð eftir hinni átakanlegu sögu um skipið sem átti að vera ósökkvandi en sökk þó í sinni fyrstu ferð.
22.45 Ritgerðin
(Tesis)
Spænsk sakamálamynd frá 1995 um háskólastúdínu sem er að skrifa ritgerð um ofbeldiskvikmyndir og kemst að því að hún þarf ekki að leita út fyrir skólalóðina til að finna framleiðendur slíkra mynda.
00.25 Útvarpsfréttir
00.35 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 13. SEPTEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Skjáleikurinn
11.30 Formúla 1
Bein útsending frá kappakstrinum á Monz-brautinni á Ítalíu sem er heimabraut Ferrari-liðsins og æstir ítalskir áhorfendur setja svip sinn á keppnina.
15.00 Kappreiðar Fáks
Bein útsending.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anke
18.15 Börn í Gvatemala
19.00 Geimferðin (9:52)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Eylíf (1:4)
Vestmannaeyjar Í þættinum er m.a. fylgst með lundaveiði í Ystakletti, litast um á þjóðhátíð og sýnt frá björgunarstörfum barna sem leggja sitt af mörkum til að lundapysjurnar komist á haf út.
21.00 Silfurmaðurinn (2:3)
(Silvermannen) Léttur og spennandi sænskur myndaflokkur eftir Ulf Malmros. Óþekktur maður sem misst hefur minnið skýtur upp kollinum í sænskum smábæ. Sannleikurinn um fortíð hans kemur smátt og smátt í ljós og um leið fara undarlegir atburðir að gerast.
22.00 Helgarsportið
22.20 Einfeldningar
(Simple Men) Bandarísk bíómynd frá 1992 um tvo bræður sem gera víðreist í leit að föður sínum og hitta alls kyns furðufugla á leiðinni.
00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikurinn

STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 9.SEPTEMBER.1998

13.00 Skotturnar (e)
14.30 NBA molar
15.00 Syngjandi bændur (e)
Ómar Ragnarsson slær á létta strengi í viðtölum sínum við bændur.
15.30 Dýrarríkið (e)
16.00 Ómar
16.25 Bangsímon
16.50 Súper Marió bræður
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Prúðuleikararnir (16:22) (e)
19.00 19>20
20.05 Ellen (7:25)
20.35 Ally McBeal (3:22)
21.25 Tildurrófur
21.55 Tildurrófur (2:6)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.40 Skotturnar (e)
01.10 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 10.SEPTEMBER.1998

13.00 Lífsvörn (e)
(A Case For Life)
14.40 Oprah Winfrey (e)
Í þættinum í dag verður rætt um reynslu manna af getuleysislyfinu Viagra.
15.25 Mótorsport (e)
15.55 Eruð þið myrkfælin? (13:13)
16.20 Bangsímon
16.40 Með afa
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (2:32)
21.00 Hér er ég (3:6)
21.30 Þögult vitni (3:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (19:22)
23.35 Lífsvörn (e)
01.00 Réttlætismál (e)
02.30 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 11.SEPTEMBER.1998

13.00 New York löggur (19:22) (e)
13.45 Grand-hótel (7:8) (e)
14.35 Goldie Hawn á fílaslóð (e)
(In the Wild: Goldie Hawn)
Hollywoodstjarnan Goldie Hawn fer til Indlands í leit að tilteknum fíl sem hún sá síðast fyrir sjö árum. Fallegar myndir og ævintýralegt ferðalag.
15.35 Punktur.is (5:10) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Bangsímon
16.45 Skot og mark
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan, ég minnkaði börnin
20.55 Leiðin heim
(Fly Away Home)
Amy litla sest að hjá föður sínum á bóndabæ í Ontario eftir að móðir hennar deyr í bílslysi. Allt líf stúlkunnar hefur gjörbreyst í einni svipan og hún er hálfgerður einfari í sveitinni. Dag einn finnur hún yfirgefið gæsahreiður fullt af eggjum. Hún fer með eggin heim og hlúir að þeim þar til þau klekjast. Amy tekur nú gleði sína á ný en getur lítil stúlka komið í stað gæsamömmu?
22.50 Draugar fortíðar
(The Long Kiss Goodnight)
Síðustu átta ár hefur Samantha Caine verið ósköp venjuleg móðir og kennari í úthverfum heimabæjar síns. Gallinn er hins vegar sá að hún man ekkert eftir lífi sínu fyrir þann tíma er hún flutti í hverfið. Smám saman birtast henni þó minningarbrot sem sum hver eru allsvakaleg. Hún ákveður að grafast fyrir um fortíð sína og fær einkaspæjarann Mitch Henessey til liðs við sig. Þau komast brátt á sporið og eru óðara komin í bráða lífshættu.
00.55 Ævintýri í óbyggðum (e)
(Bushwacked)
Gamanmynd um sendilinn Max Grabelski sem er sakaður um morð sem hann framdi ekki.
02.25 Hugarflug (e)
(Altered States)
Lífeðlissálfræðingurinn Edward Jessup gerir hættulega tilraun með vitundarlíf manna. Hann notar sjálfan sig sem tilraunadýr og hverfur aftur til þess tíma er hann fæddist og jafnvel enn lengra.
04.05 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 12.SEPTEMBER.1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýri á eyðieyju
12.00 Beint í mark
12.30 NBA molar
12.55 Sjónvarpsmarkaður
13.10 Skáldatími (1:12) (e)
13.35 Þumalína
15.00 Spilavítið (e)
(Four for Texas)
16.50 Oprah Winfrey
Undirtitill þáttarins er: Þegar foreldrar „ræna“ börnum sínum.
17.30 Glæstar vonir
18.00 Enski boltinn
19.00 19>20
20.05 Vinir (6:24)
20.35 Bræðrabönd (19:22)
21.05 Kona klerksins
(The Preacher's Wife)
Gamansöm og rómantísk bíómynd um engilinn Dudley sem er sendur af himnum ofan til að hjálpa séra Henry Biggs sem á í miklum vandræðum bæði í einkalífi sínu og starfi. Henry er giftur hinni fögru Juliu en samkomulagið þeirra á milli er ekki sem best og krikjan á líka í stöðugu stappi við fjárglæframanninn Joe Hamilton. Henry biður Guð að hjálpa sér en hjálpin í formi Dudleys skapar fleiri vandamál en hún leysir.
23.10 Tveir sólarhringar
(48 Klukkustundir)
Lögreglumaðurinn Jack Cates fær strigakjaftinn Reggie Hammond lausan úr fangelsi í tvo sólarhringa til að hjálpa sér að góma hættulegan morðingja. Cates og Hammond eru "eins og svart og hvítt" en ná þó ótrúlega vel saman þegar til kastanna kemur. Hasar og gríni er listilega blandað saman í þessari vinsælu bíómynd sem fær þrjár og hálfa stjörnu hjá Maltin.
00.45 Sporfari (e)
(Blade Runner)
02.40 Spilavítið (e)
(Four for Texas)
04.35 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 13.SEPTEMBER.1998

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Brúmmi
09.35 Urmull
10.00 Tímon, Púmba og félagar
10.20 Andrés Önd og gengið
10.45 Andinn í flöskunni
11.10 Húsið á sléttunni (17:22)
12.00 NBA kvennakarfan
12.25 Stefnumót í Las Vegas
(Meet Me in Las Vegas)
14.20 Faðir Brúðarinnar 2 (e)
(Father of the Bride II)
16.00 Ítalski boltinn
17.45 Lois og Clark (16:22) (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (5:25)
20.30 Rýnirinn (16:23)
21.00 Undrið
(Shine)
Áströlsk úrvalsmynd sem tilnefnd var til sjö Óskarsverðlauna. Aðalleikarinn Geoffrey Rush hreppti Óskarinn fyrir leik í aðalhlutverki og hann var einnig sæmdur Golden Globe verðlaununum. Þetta er sannsöguleg mynd um píanóleikarann David Helfgott sem var mikið undrabarn. Hann var rekinn áfram af föður sínum og kennurum uns hann brast undan álaginu og fékk taugaáfall. Mörgum árum síðar sneri hann aftur að píanóinu og vann hug og hjörtu almennings.
22.45 60 mínútur
23.35 Djöfull í mannsmynd 4 (e)
(Prime Suspect 4)
Bresk sjónvarpskvikmynd um lögreglukonuna Jane Tennison sem Helen Mirren leikur. Að þessu sinni fá Jane og félagar til rannsóknar morð á klúbbeiganda sem finnst látinn á heimili sínu. Nágrannar mannsins eru fljótir að skella skuldinni á utangarðsunglinga sem hafast við í nágrenninu og lögreglan telur þá skýringu líklega í fyrstu.
01.20 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 14.SEPTEMBER.1998

13.00 Fær í flestan sjó (e)
14.40 Á báðum áttum (11:17) (e)
15.35 Spékoppurinn
16.00 Kögulóarmaðurinn
16.20 Bangsímon
16.45 Á drekaslóð
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Ensku mörkin
19.00 19>20
20.05 Að hætti Sigga Hall (7:12)
Sigurður L. Hall leggur að baki hásléttu Spánar og skellir sér niður til Madrídar þar sem hann kynnist fjörlegu mannlífi, matar- og vínmenningu.
20.40 Kramer gegn Kramer
(Kramer vs. Kramer)
Ted Kramer situr eftir með sárt ennið þegar Joanna Kramer yfirgefur hann og ungan son þeirra. Ted hefur hingað til lítið sinnt heimilinu og verður nú að taka á honum stóra sínum. Þegar hann hefur loks náð áttum birtist Joanna hins vegar aftur og krefst þess að fá soninn til sín. Óskarsverðlaun: Besta myndin, besti karlleikari í aðalhlutverki, besta handritið, besta leikstjórn og besta leikkona í aukahlutverki (Streep).
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin (e)
23.15 Fær í flestan sjó (e)
(Over the Hill)
Sextug ekkja ákveður að heimsækja dóttur sína í Ástralíu, en þegar þangað er komið sér hún að tengdasonur hennar, framagosi í stjórnmálum, skammast sín fyrir hana og vill ekkert með hana hafa.
00.55 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 15.SEPTEMBER.1998

13.00 Dead Sea Apple (e)
Upptökur frá tónleikum Dead Sea Apple í Borgarleikhúsinu í nóvember 1996.
13.50 Elskan, ég minnkaði börnin
14.35 Handlaginn heimilisfaðir
15.00 Að hætti Sigga Hall (3:12)
15.30 Rýnirinn (6:23) (e)
16.00 Spegill, spegill
16.25 Bangsímon
16.50 Kolli káti
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Simpson-fjölskyldan
19.00 19>20
20.05 Grand-hótel (8:8)
21.00 Hver lífsins þraut Nr. 1
Í þessum nýju þáttum verður fjallað um tengsl erfða og sjúkdóma.
21.40 Handlaginn heimilisfaðir
22.05 Mótorsport
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Æðri menntun (e)
(Higher Learning)
Raunsæ bíómynd um lífið í bandarískum háskóla. Mikill órói kraumar undir niðri og stutt er í að upp á yfirborðið brjótist átök milli kynþátta. Við kynnumst ungu fólki sem kemur í skólann með fyrirfram mótaðar hugmyndir en mætir bláköldum veruleika sem er oft á tíðum ljótari en nokkurn óraði fyrir.
00.55 Dagskrárlok

SÝN

MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum (21:29)
17.30 Gillette sportpakkinn
18.00 Daewoo Mótorsport (17:22)

18.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.55 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Chelsea og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Í klóm arnarins
(Shining Through)
Rómantísk njósnamynd. Sögusvið myndarinnar er Evrópa á tímum Hitlers. Einkaritarinn Linda Voss dregst með óvenjulegum hætti inn í atburðarás sem setur líf hennar í mikla hættu. Rólegu dagarnir á skrifstofunni heyra nú sögunni til og frammistaða Lindu kann að hafa áhrif á alla heimsbyggðina þegar fram líða stundir. Yfirmaður hennar er njósnari en Linda býr líka yfir ýmsum hæfileikum sem kunna að nýtast í því hættulega og spennandi starfi.
23.10 Geimfarar (10:21)
23.55 Leyndarmál ástarinnar
(Invitation Erotique (Dependances) Lovestruck 4) Ljósblá kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
01.25 Í ljósaskiptunum (e)
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum (22:29)
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
Kjarkmiklir íþróttakappar sem bregða sér á skíðabretti, sjóskíði, sjóbretti og margt fleira.
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Kaupahéðnar (2:26)
(Traders)
Kanadískur myndaflokkur um fólkið í fjármálaheiminum. Hér er það hraði og spenna sem einkennir allt. Lífið snýst um næsta samning og öllum brögðum er beitt.
21.00 Uppgjör Gordons
(Gordon's War)
Gordon Hudson er kominn heim til Harlem eftir að hafa þjónað í Víetnam. Heimkoman er ömurleg því eiginkona hans hefur orðið eiturlyfjum að bráð. Gordon heitir því að finna þann sem gerði eiginkonuna háða eiturlyfjum og koma fram hefndum. Baráttan kemur honum í návígi við nokkra af valdamestu mönnum borgarinnar, sem er lítt um afskipti hans gefið. Gordon er hins vegar hvergi smeykur og nýtir sér þekkingu sína úr hernum út í ystu æsar.
22.30 Óráðnar gátur (e)
23.20 Bardagamennirnir 2
(Shootfighter 2)
Alvöru bardagamynd með mörgum kunnum köppum. Í undirheimum Miami er keppt í ólöglegri íþrótt þar sem allt er lagt undir. Þar er bókstaflega barist upp á líf og dauða. Bardagamennirnir koma úr ýmsum áttum en aðeins einn þeirra mun snúa aftur.
00.50 Í ljósaskiptunum (22:29) (e)
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 11. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum (23:29)
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (8:22)
20.30 Beint í mark
Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum. Spáð er í leiki helgarinnar og tippari vikunnar kemur í heimsókn.
21.00 Kutinn
(Jacknife)
Áhrifamikil kvikmynd um tvo fyrrverandi hermenn sem reyna að ná fótfestu í lífinu eftir dvölina í Víetnam. Báðir eru þjakaðir af minningum um dauða og ofbeldi. Annar þeirra á mun erfiðara með að horfast í augu við staðreyndir og þar ætlar hinn að koma til hjálpar. Hjálpsemin tekur hins vegar óvænta stefnu þegar þriðji aðilinn kemur til skjalanna. Maltin gefur þrjár stjörnur.
22.45 Ökuskírteini
(License To Drive)
Bílprófið skiptir táningana ákaflega miklu máli og þessi gamanmynd fjallar um vinina Les og Dean og þeirra fyrsta bíltúr sem endar með ósköpum.
00.15 Í ljósaskiptunum (23:29) (e)
00.40 Sex á einu bretti
(Six Pack)
Hugljúf mynd um einmana flutningabílstjóra sem þarf dag einn að ganga sex munaðarlausum börnum í föður- og móðurstað.
02.25 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 12. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
13.55 Íslenski boltinn
Bein útsending frá 16.umferð Landssímadeildarinnar.
15.45 Enski boltinn
(FA Collection)
Fjallað verður um helstu markaskorara enska landsliðsins.
17.05 Ameríski fótboltinn
18.00 Star Trek (e)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Herkúles (16:24)
21.00 Í Skuggasundum
(Mean Streets)
Fjögurra stjörnu mynd um skrautlegt lið í „Litlu Ítalíu" í New York. Félagarnir Tony og Michael hafa komið sér ágætlega fyrir í lífinu. Þeir reka bar í hverfinu og standa sig vel í samkeppninni. Kunningi þeirra, Charlie, er öllu ístöðulausari og fæst við vafasamari verkefni. En baráttan er hörð hjá öllum og aðeins þeir hæfustu komast af. Lífið í hverfinu er stundum harðneskjulegt og þá getur vináttan reynst dýrmæt.
22.50 Box með Bubba
Hnefaleikaþáttur þar sem brugðið verður upp svipmyndum frá sögulegum viðureignum.
23.50 Heitar samræður
(Hot Talk)
Ljósblá kvikmynd.
01.20 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 13. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
16.00 Enski boltinn
Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Middlesborough í ensku úrvalsdeildinni.
17.50 19. holan (17:29)
Öðruvísi þáttur þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum hinnar göfugu golfíþróttar. Valinkunnir áhugamenn um golf eru kynntir til sögunnar, bæði þeir sem hafa íþróttina að atvinnu og eins hinir sem tengjast henni með einum eða öðrum hætti. Fram koma m.a. Tiger Woods, Bernhard Langer, Greg Norman, Nick Faldo, Seve Ballesteros og Jack Nicklaus.
18.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik AC Milan og Bologna í ítölsku 1. deildinni.
20.15 Ítölsku mörkin
20.35 Golfmót í Bandaríkjunum
(PGA US 1998)
21.30 Svartigaldur
(Voodoo)
Charlie er að byrja í nýjum skóla í Los Angeles og er fullur tilhlökkunar. Fljótlega kynnist hann forsprakka bræðralagsins Omega Zeta Mu og er boðið að ganga í hópinn. Charlie slær til en vígsluathöfnin er haldin á veitingahúsi. Athöfnin er töluvert öðruvísi en Charlie átti von á og brátt sér hann líka að bræðralagið stendur fyrir allt annað en hann hélt. En vígslan er að baki og það er heldur seint að snúa við blaðinu.
23.00 Evrópska smekkleysan (6:6)
23.25 Íslensku mörkin
Svipmyndir úr leikjum 16. umferðar Landssímadeildarinnar.
23.55 Worth og veðmálið
(Worth Winning)
Gamanmynd um náunga sem veðjar við vin um að hann geti fengið þrjár konur til að taka bónorði sínu.
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 14. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum (24:29)
17.30 Knattspyrna í Asíu
18.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.45 Taumlaus tónlist
19.35 Hunter (e)
20.25 Íslenska mótaröðin í golfi
Sýnt frá golfmóti sem haldið var í Reykjavík um nýliðna helgi.
21.00 Geimveran 3
(Alien 3)
22.55 Stöðin (21:22)
23.20 Ráðgátur
00.05 Fótbolti um víða veröld
00.30 Í ljósaskiptunum (24:29) (e)
00.55 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum (25:29)
17.30 Dýrlingurinn
(The Saint)
18.15 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Ofurhugar
Kjarkmiklir íþróttakappar sem bregða sér á skíðabretti, sjóskíði, sjóbretti og margt fleira.
19.30 NBA Kvennakarfan
20.00 Brellumeistarinn (9:22)
(F/X)
Þegar brellumeistarinn Rollie Tyler og löggan Leo McCarthy leggjast á eitt mega bófarnir vara sig. Þeir félagar eiga í höggi við glæpamenn af ýmsum toga þar sem sérfræðiþekking þeirra kemur að góðum notum.
21.00 Í sömu mynt
(Murphy's War)
Breskt flutningaskip verður fyrir tundurskeyti frá þýskum kafbáti undan ströndum Venesúela á síðustu dögum seinni heimsstyrjaldarinnar. Murphy skipstjóri kemst einn lífs af og leitar skjóls á eyju í Kyrrahafinu. Þar áformar hann að koma fram hefndum gegn áhöfn kafbátsins en það reynist þrautin þyngri. Maltin gefur þrjár stjörnur.
22.45 Strandblak
(Beach World Tour 1998)
Blakíþróttin á vaxandi vinsældum að fagna eins og áhorfendur fá að sjá í þessum þáttum þar sem sýnt er frá alþjóðlegum mótum um allan heim.
23.15 Ráðgátur
00.00 Í ljósaskiptunum (25:29)
00.25 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu eru **felgur** undan Volvo 740 ásamt eins árs vetrardekkjum. Upplýsingar í síma 456 8285.

Mig vantar útihurð, lítinn vask, tvenn blöndunartæki, örbylgjuofn, eldhús- og borðstofustóla og allskonar ljós. Uppl. gefur Sófanías í símum 456 8227 eða 456 8369.

Til sölu er 200 lítra Philips **frystikista** sem hefur ekkert verið notuð frá áramótum. Verð kr. 18 þúsund. Upplýsingar í síma 456 3484.

Barnavörur! Brio kerruvagn með burðarúmi, hvítt rimlarúm frá IKEA, Hókus Pókus stóll og göngugrind eru til sölu. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 4543 á kvöldin.

Óskum eftir fataskáp, gólfmottum, myndbandstæki og rúmi gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 4117.

Til leigu er lítil íbúð á Eyrinni á Isafirði. Upplýsingar gefur Heiðar í símum 456 4072 og 456 3441.

Bílagrúskarar! Mazda 626 árg. 1983, ógangfær, fæst fyrir lítinn pening. Upplýsingar gefur Snorri Hermannsson í síma 456 3526.

Tveir krakka- og kassavanir **kettlingar,** fallegir og góðir fást gefins. Upplýsingar í síma 456 4453.

Dagmamma óskast fyrir hádegi fyrir eins og hálfs árs barn. Uppl. í síma 456 5068.

Til sölu er vel með farinn Emmaljunga **kerruvagn**. Upplýsingar í síma 456 3518.

Skotfélagsmenn! Haglabyssumót verður haldið sunnudaginn 13. september kl. 15:00. 3X25 dúfur. Mótsgjald er kr. 1.000.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Haust- og vetrarlistarnir frá **Quelle** eru komnir. Hafið samband við Ingibjörgu í síma 456 4364.

Óska eftir litlu eldhúsborði og eldhústólum. Uppl. í síma 456 4519.

DBS kvenreiðhjól **fæst gefins** gegn því að vera sótt. Upplýsingar í síma 456 3484.

Til leigu er björt og skemmtileg 3ja herb. íbúð við Stórholt 13. Upplýsingar veitir Hafþór í símum 567 4547 eða 894 1836.

Til sölu er **riffill**, Brno 222 með góðum sjónauka og tvöföldum gikk. Upplýsingar í síma 456 6258 á kvöldin.

Eru **aukakílóin** of mörg og íþyngjandi? Hef árangursríka lausn á þessu vandamáli. Hef til sölu fæðubótaefni. Upplýsingar í síma 896 3579.

Til sölu er **Volvo** árg. 1982. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 5270

Eldhúsinnrétting fæst gefins gegn því að vera sótt. Á sama stað er til sölu skemmtari. Upplýsingar í síma 456 3748.

Knattspyrnuþjálfarar! Okkur vantar knattspyrnuþjálfara fyrir alla yngri flokka U.M.F.B. í vetur. Æfingar hefjast 21. september nk. Umsóknir sendist til Knattspyrnuráðs U.M.F.B. Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.

Til sölu er **MMC Pajero** árg. 1989, sjálfskiptur og mjög vel með farinn. Upplýsingar í símum 456 7195 og 852 1417.

Tek að mér **viðgerðir** og breytingar á fötum, sauma gardínur og dúka. Upplýsingar gefur Jóna Björk í símum 456 8229 og 854 7029.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

TITANIC
KEMUR Í DAG 9. SEPT.
FÉKK 14 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA OG HLAUT 11.
BESTA MYND ÁRSINS
BESTI LEIKSTJÓRINN
BESTA KVIKMYNDATAKA
BESTA BÚNINGAHÖNNUN
BESTA HLJÓÐ
BESTU HLJÓÐBRELLUR
BESTU SJÓNBRELLUR
BESTA TÓNLIST
BESTA LAG
BESTA KLIPPING
BESTA LIST- OG SVIÐSHÖNNUN

BOLTINN Í BEINNI!

Miðvikudagur 9. september
kl. 18:55 (SÝN) Chelsea - Arsenal
Laugardagur 9. september
kl. 15:50 (RÚV) KR - ÍA
Sunnudagur 13. september
kl. 16:00 (STÖÐ 2) Ítalski boltinn
kl. 16:00 (SÝN) Tottenham - Middlesborough
kl. 18:25 (SÝN) AC Milan - Bologna

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

Horfur á fimmtudag:
Nokkuð hvöss norðlæg átt, einkum austan til. Súld eða rigning norðan og austan til en skýjað að mestu suðvestanlands. Hiti 3-7 stig.
Horfur á föstudag:
Norðan eða norðvestan strekkingur og rigning norðan til en skýjað sunnan til. Hiti 2-7 stig.
Á laugardag og sunnudag:
Norðlæg átt og rigning norðan til en úrkomulítið sunnan til og fremur svalt í veðri.

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

TV 2 - NOREGUR
Sunnudagur 13. september kl. 11:55
Sogndal - Molde (knattspyrna)

TV - NORGE
Sunnudagur 13. september kl. 15:25
Selbu - Bækkelaget (handbolti)

CANAL+ GULUR
Miðvikudagur 9. september kl. 18:55
Chelsea - Arsenal

NRK 1
Laugardagur 12. september kl. 13:00
Viking - Brann (knattspyrna)

CANAL+ NOREGUR
Laugardagur 12. september kl. 13:40
Enski boltinn

EUROSPORT
Miðvikudagur 9. september kl. 13:00
Reiðhjólakeppni á Spáni 5. umferð
Olula de Rio - Murcia
Fimmtudagur 10. september kl. 13:00
Reiðhjólakeppni á Spáni 6. umferð
Murcia - Alicante
Föstudagur 11. september kl. 13:00
Reiðhjólakeppni á Spáni 7. umferð
Alicante - Valencia
Föstudagur 11. september kl. 15:00
Heimsmeistarakeppnin í frjálsum í Jóhannesarborg í Afríku
Laugardagur 12. september kl. 11:45
Mótorcross í Þýskalandi og Frakklandi
Laugardagur 12. september kl. 13:30
Heimsmeistarakeppnin í frjálsum í Jóhannesarborg í Afríku
Laugardagur 12. september kl. 20:00
Bikarkeppni í reiðmennsku í Calgary í Kanada

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Skuttogarar Básafells hf. á Ísafirði voru allir í heimahöfn á Ísafirði um síðustu helgi. Frá vinstri: Skutull, Orri og Sléttanes.

Básafell, Fiskiðjusamlag Húsavíkur og kanadískt fyrirtæki

Reisa fullkomna rækjuverksmiðju í Kanada

Básafell hf. á Ísafirði og Fiskiðjusamlag Húsavíkur hafa í samvinnu við kanadíska fyrirtækið Clearwater Fine Foods Inc. ákveðið að reisa rækjuverksmiðju í St. Anthony, sem er þrjú þúsund manna bær nyrst á Nýfundnalandi.

Básafell og Fiskiðjusamlag Húsavíkur munu eiga 25% hlutafjár í St. Anthony Seafood Ltd., fyrirtæki um hina nýju verksmiðju. Clearwater og samstarfsfyrirtæki þess á Nýfundnalandi eiga 50% í verksmiðjunni og St. Anthony Basin Resources, sem er atvinnuþróunarfélag bæjarins, á 25%.

Reiknað er með að afkastageta verksmiðjunnar verði um 10 þúsund tonn þegar hún verður komin í fullan gang en 5-7 þúsund tonna afkastageta til að byrja með, sem þýðir 500-1000 milljóna króna veltu á ári.

Clearwater er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Kanada með rúmlega 15 milljarða króna veltu á ári. Fyrirtækið gerir út um þrjátíu skip og báta og er í vinnslu á hörpuskel, humri, bolfiski og rækju. Það á níu fiskvinnslustöðvar á Atlantshafsströnd Kanada og hjá því starfa um 1.500 manns.

Fyrirtæki stofnanir!
Athugið að panta eyðublöð og aðra prentun tímanlega fyrir jólaannirnar
H-PRENT EHF
Sólgötu 9 • Ísafirði
Sími: 456 4560 • Fax: 456 4564

Ellefu ára bíleigandi

Rúnar Jón Hermannsson, ellefu ára Ísfirðingur, hlaut stærsta vinninginn í stimpilleik Esso þetta árið, bifreið af gerðinni Volkswagen Polo.

Á hverju ári gefur Esso út sérstakt „vegabréf“ sem stimplað er í þegar verslað er í verslunum fyrirtækisins, og þeir sem fá nægilega marga stimpla fara í pott sem dregið er úr. Ekki mun Rúnar Jón hafa í hyggju að geyma bílinn næstu sex árin þangað til hann hefur aldur til að aka honum, heldur býst hann við að selja hann.

Kaldalón í Ísafjarðardjúpi

Stórt jökulhlaup úr Drangajökli

Ummerki um að stórt jökulhlaup hafi nýlega komið fram úr Drangajökli í Kaldalón var uppgötvað af staðkunnugum um síðustu helgi. Það var Páll Jóhannesson bóndi í Bæjum sem var fyrstur til að taka eftir ummerkjum hlaupsins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru ekki til frásagnir af slíku hlaupi úr Drangajökli áður.

Hlaupið hefur brotist fram á einum stað, úr Kaldalónsjökli í botni Kaldalóns, úr göngum sem eru svipuð að vídd og Hvalfjarðargöngin, en talið er að þau hafi verið full af vatni í einhverja daga. Á báða vegu við jökulinn hefur mikið stórgrýti gengið til hliðanna og óhemju framburður hefur safnast fyrir innst inni við jökulinn. Hækkunar á landi gætir um kílómetra frá honum og er þó töluvert vítt milli hlíða.

Gífurlegt magn af jarðvegsefnum, jakahröngli, jökum og stórgrýtisbjörgum hefur komið með framburðinum. Þá er jakamulningur um 3-4 kílómetra niður eftir jöklinum sem og um allar eyrar á ársvæðinu. Tvö skörð hafa myndast í varnargarð sem gerður var til að verja brúna yfir Mórillu en hún er í 4-5 kílómetra fjarlægð frá skriðjöklinum. Brúin sjálf mun vera óskemmd. Kaldalónsjökull og aðrir skriðjöklar úr Drangajökli hafa áratugum saman verið að hopa en sú þróun snerist við fyrir fjórum árum og hefur Kaldalónsjökull síðan gengið fram um rúman kílómetra.

Frá framskriði Drangajökuls niður í Kaldalón 4. september 1995.

DAEWOO
SAMSUNG
COBY
SONY
ATV
AIWA
PANASONIC
Frum-mynd
Vídeóhöllin
Við Norðurveg • Sími: 456 4853

1978-1998
Skelltu þér til Valencia 21. til 28. september
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Hún er komin!
Hringdu núna og pantaðu
TOBLERONE
Tilboð kr. 198,-/200 gr.
HAMRABORG
Sími 456 3166